



Bls. 40

Hvert stefnir þú

Bls. 26

Úr vítahringnum

Bls. 4

Áhersla á lægstu laun

Bls. 13



Trassa að greiða gjöld

Bls. 16



Nýtt líf

Bls. 10



Bjartsýnn



Knorr®



KNORR

kemur með
jólabragðið

KNORR-kraftur er deigkraftur mótaður í
teninga sem gefa um 1/2 l af gæðasoði.
Hver teningur er innpakkaður til að halda
bragðgæðum og auka geymslupól.





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sætni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir
Fjóla Jónsdóttir
Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Stefanía Guðmundsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Starfsafi

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókbíð

Oddi hf.

Auglýsingar

Hæfir sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsíðu

Frá Barónsborg. Guðríður Svava
Óskarsdóttir og Ásta María
Hauksdóttir

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sætni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar
inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendar: 510 7511



Sigurður Bessason

Að semja um kaupmátt

Um næstu áramót renna kjarasamningar Flóabandalagsins út. Þá verða tæp fjögur ár liðin frá því samningar voru undirritaðir í mars 2000. Samningstímabilið þar á undan stóð í tæp þrjú ár. Það er óumdeilt að á þessum tíma hafa samningsbundin laun skilað launafólki meiri raunhækkunum en dæmi eru um síðustu áratugina. Þó að margir séu eflaust óánægðir með launakjör sín, er mikilvægt að rifja þennan árangur upp. Ennþá mikilvægara er að sömu samningstímabil skiluðu launafólki með lægstu launataxtana hækkunum sem voru langt umfram hækkun almennra launa í landinu.

Það er á þessum grundvelli sem Efling-stéttarfélag vill vinna áfram. Við viljum semja um kaupmátt sem situr eftir í fjárhag heimilanna þegar til lengri tíma er litið. Við viljum einnig semja um að þeir sem hafa lægri launin fái meira í sinn hlut. Þetta byggjum við fyrst og fremst á reynslunni, en ekki síður á því að félagsmenn okkar hafa kveðið skýrt á um það - eina ferðina enn, að þeir vilji sérstaka áherslu á lægstu launin.

En það eru mjög ákveðin skilyrði fyrir því að hægt sé að semja um kaupmátt í komandi kjarasamningum. Meginskilyrðið er að kaupmáttarstefnan verði ráðandi í stefnumörkun verkalyðshreyfinginnar. Launafólk í almennu stéttarfélagunum getur ekki tekið á sig að bera eitt og sér ábyrgð á stöðugleika í efnahagsmálum. Þess vegna verða stéttarfélögin í landinu að taka sameiginlega á þessu verkefni til að tryggja sameiginlegan árangur.

Stefna Samtaka atvinnulífsins skiptir í þessu efni höfuðmáli sem ásamt ríkisvaldinu munu hafa mest áhrif á það hver framvinda samningamála verður. Samtök atvinnulífsins hafa í síðustu kjarasamningum verið samstiga almennu stéttarfélagunum um áherslu á kaupmátt og lægri laun.

Fyrstu útspil Samtaka atvinnurekenda við upphaf viðræðna hljóta að vekja vonbrigði. Í komandi kjarasamningum hlýtur það að vera sameiginlegt verkefni launafólks og atvinnurekenda að skipta þeim mikla arði sem verður til á hagvaxtarskeiðinu framundan. Allar spár sérfræðinga benda til mjög góðrar afkomu fyrirtækjanna í landinu næstu þrjú til fjögur árin. Þess vegna er umræða SA um að laun séu komin í hámark af verðmætasköpun sem hjóm eitt.

Samningamálin við ríkisvaldið eru í vítahring. Stjórnvöld hafa komið illa fram við launafólk innan almennu stéttarfélaganna innan ASÍ undanfarin ár. Mikill munur er á réttindum og launum starfsfólks sem vinnur hlið við hlið í fjölmörgum störfum innan ríkisgeirans. Fjármálaráðherra hefur gefið fyrirheit um að leita leiða til að leiðrétta þetta hróplega óréttlæti, en engin teikn eru á lofti um að hann hyggist efna þau heit. Tveggja ára gamalt loford um þetta hafa reynst orðin tóm.

Samningamálin eru því í nokkurri óvissu. Atvinnurekendur verða að gera sér vel grein fyrir því að verkalyðshreyfingin býr yfir miklu afli en er seinþreytt til vandræða. Launafólk ætti á þessum tíma að búa sig undir að allt geti gerst í samningunum framundan.

Sigurður Bessason
formaður

EFNISYFIRLIT

Áhersla á lægstu laun	4	Á Sahlgrenska	32
Undirbúningur á fulla ferð	6	Prófaðu þetta	34
Bjartsýnn	10	Eir stækkar	35
Trassa að greiða gjöld	13	Trúnaðarmenn	36
Nýtt líf	16	Á Nesjavöllum	37
Betra líf hjá Össuri	18	Fjármál heimilanna	38
Ánægð með frammistöðu	20	Borgarleikhúsið	39
Erum að byrja	22	Hvert stefnir þú	40
Úr vítahringnum	26	Jólaballið	41
Servas International	29	Starfslokánámskeiðin	43
Bókasafn flytur	30		



Forustumenn Flóans á fundi með Samtökum atvinnulífsins

Viðhorfsskönnun meðal félagsmanna um áherslur

Yfirgnæfandi samstaða um áherslu á lægstu laun

Þar sem að samningar eru nú lausir um næstu áramót ar IMG Gallup falið að gera viðhorfsskönnun meðal félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSFK og var úrtakið 1200 félagsmenn. Þessi þrjú félög hafa sem kunnugt er ákveðið að ganga nú í annað sinn sameiginlega til samninga undir nafni Flóabandalagsins.

Lögð var sértök áhersla á ýmsa kjaratengda þætti ásamt því að spyrja út í þjónustu við félagsmenn.

Hækkun lægstu launa áfram forgangsmál

90% félagsmanna vilja leggja áherslu á hækkun lægstu launa og 84% eru sama sinnis þó slíkt gæti þýtt minni hækkun almennra launa. Konur eru ívið meira afgerandi í afstöðu sinni um að hækka lægstu launin sérstaklega. Þá telur 91% félagsmanna það skipa miklu máli að jafna réttindastöðu fólks á almennum markaði til jafns við þá sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Skattamálin eru efst á listanum yfir áherslur sem leggja á gagnvart ríki og

sveitarfélögum og tæplega 18% félagsmanna vill leggja áherslu á húsnæðismál. Þá kom einnig fram að um 17% félagsmanna býr í leiguhúsnæði sem er talsvert herra hlutfall en yfirleitt. Þegar kemur að áherslum gagnvart atvinnurekendum þá er greinilegt að yngsti og elsti aldurshópur er viðkvæmastur gagnvart atvinnuleysi og leggur mikla áherslu á atvinnuöryggi. Þeir sem ekki hafa lokið grunnskólaprófi leggja mun meiri áherslu á atvinnuöryggi en þeir sem hafa meiri menntun.

Símenntun sækir á

Mun fleiri félagsmenn 44% þekkja nú rétt sinn til að sækja námskeið heldur en kom fram í Gallup könnun 2002 en þá svöruðu einungis 28% að þeir þekktu rétt sinn til að sækja námskeið. 82% félagsmanna eru sammála því að fræðsla og námskeið skili betri kjörum og 70% félagsmanna telja að starf þeirra krefjist símenntunar. Þá telja flestir að viðhorf atvinnurekenda sé jákvætt gagnvart símenntun starfsmanna.

Sóknartækifæri hjá konum varðandi umframlaunahækkanir

Tæplega helmingur félagsmanna telur að fjárhagsstaða þeirra sé betri nú en fyrir 3 árum, ívið fleiri en í Gallup könnun 2002. Langflestir félagsmenn telja launaþróun í landinu vera meginástæða fyrir betri fjárhagsstöðu sinni nú. Þá er athyglisvert að sjá að mun fleiri karlar (33%) en konur (17%) hafa ósk að eftir launahækkunum umfram samningsbundnar hækkanir. Hverju skiluðu svo þessi launaviðtöl? Jú, 75% kvenna sem fóru fram á launahækkanir umfram umsamin laun sl. 12 mánuði, fengu kjarabreytingu í kjölfarið og 70% karla. Um helmingur karla er sáttur við laun sín og 37% kvenna. Laun kvenna hafa hækkað meira en karla frá Gallup könnun 2002. Hlutfall kvenna sem eru með yfir 131.000 kr. í heildarlaun hefur hækkað úr 30% í 54%

Lengstur starfsaldur hjá ríkinu

Meðalstarfsaldur í heild er 4,8 ár og 68% hefur verið í 3 ár eða skemur í sama starfi. Það kom fram að starfs-

Þarft þú að...



Það er leikur einn að eignast meira og léttu greiðslubyrðina

Fram til áramóta býður SPV lán* til húsnæðiskaupa, viðhalds og endurbóta á mjög góðum kjörum.

*skv. útlánareglum SPV.

- 50% afsláttur af lántökugjaldi
- Verðmat á fasteign án endurgjalds
- Greiðslumat án endurgjalds

Ertu að hugsa um að kaupa nýtt húsnæði?

Þarftu að ráðast í endurbætur eða viðhald?

Viltu endurnýja eldhúsinnréttinguna?

Langar þig í nýtt sófasett eða parket?


Viltu einfaldlega lækka mánaðarlegar greiðslur?

Við lánum til allt að 30 ára gegn veði í allt að 80% af verðmæti fasteignar. Við sendum matsmann á staðinn, endurgjaldslaust, til að meta verð fasteignar, önnumst uppgreiðslu skammtíma-skulda og reiknum út greiðslubyrði m.v. breyttar forsendur.


SPV - Borgartúni 18, Hraunbæ 119, Síðumúla 1; Þjónustuver, sími 5754100


spv
Sparisjóður
vélstjóra
www.spv.is

Hefur þú óskað eftir launahækkunum umfram samningsbundnar hækkanir?



Áhersla á lægstu laun



menn hjá ríki hafa lengstan starfsaldur eða 6 ár að meðaltali en í hótél- og veitingageira er starfsaldurinn stystur eða að meðaltali 2,6 ár.

Langur vinnutími hjá körlum

Bæði karlar og konur eru að vinna fleiri vinnustundir á viku nú en í Gallup könnun 2002 og er meðalstærð yfirvinnustunda nú 8,2 klst. á viku. 59% kvenna vinnur enga yfirvinnu og 38,5% karla vinnur meira en 10 tíma í yfirvinnu á viku. Þá var greinilegt að fleiri karlar en konur vilja leggja áherslu á

vinnutíma í komandi kjarasamningum.

Helstu niðurstöður

Greinilegt er að félagsmenn eru sammála um þá stefnu sem tekin var í síðustu samningum um að hækka lægstu laun sérstaklega. Konur eru ívið meira afgerandi í afstöðu sinni sem endurspeglar að þær eru almennt með lægri laun en karlar, þrátt fyrir að laun kvenna hafi hækkað meira en karla frá Gallup könnun 2002. Að hluta til skýrist það með lengri vinnutíma karla en kvenna en að teknu tilliti til vinnu-

tíma eigum við samt sem áður langt í land með að jafna launamun kynjanna. Samkvæmt könnuninni eru tvöfalt fleiri karlar en konur sem óska eftir launahækkunum umfram samningsbundin laun. Það er sjálfsgagt að hvetja konur sem karla að óska eftir launaviðtali hjá sínum yfirmanni en samt hljóttum við að gera þá kröfu til atvinnurekenda að þeir sjái til þess að starfsmönnum þeirra sé ekki mismunað eftir kynferði. Þá er langur vinnutími, sérstaklega hjá körl-

Framhald á síðu 39

Flóinn og Efling

Undirbúningur samninga á fulla ferð

Undirbúningur kjarasamninga Flóafélaganna er nú kominn á fullt skrið. Fulltrúar Flóans hafa þegar mótað meginmarkmið varðandi kjarasamningana og kynnt þau fyrir Samtökum atvinnulífsins. Þá er verið að vinna að samningamálum gagnvart ríkinu. Vinna er komin af stað í allmörgum sársamningum og fyrirtækjasamningum og er oft þröng á þingi í húsnæði Eflingar þar sem trúnaðarmenn koma saman til að móta stefnu félagsins í komandi kjarasamningum.

Samninganefnd Flóabandalagsins hefur verið skipuð og hefur hún komið saman einu sinni og kemur væntanlega saman aftur í þessum mánuði.

Fundir með trúnaðarmönnum eru nú haldnir í hverjum samningi fyrir sig



Bensínafgreiðslumenn undirbúa samningsgerð

hjá Eflingu til að fjalla um þau mál sem mikilvægast er að setja á oddinn gagnvart atvinnurekendum og sníða af

ýmsa hnökra sem kunna að vera á samskiptum og samningum milli aðila.

Um leið og unnið er í sérkjarasamningum og fyrirtækjasamningum er verið að fara yfir helstu aðalkjarasamninga Flóans áður en kemur að næstu fundum með Samtökum atvinnulífsins.

Undirbúningsfundir eru hafnir um kjarasamning við ríkið en þar er við erfið mál að glíma þar sem sækja þarf réttindi og launamismun sem lengi hefur viðgengist í sömu og sambærilegum störfum.

Hluti af þessari vinnu er síðan á borði ASÍ og Starfsgreinasambandsins, en þar er farið með sameiginleg mál s.s. skattamál, vinnutímamál og ýmsar sameiginlegar kröfur sem verið er að móta.



Ólafur Darri Andrason hjá ASÍ skýrir út kjaramálin hjá Eflingarfélögum

Markmið og almenn stefnumörkun

1) Hækka taxtakaup og laun sem skilar auknum kaupmætti

Til að ná þessu markmiði fram vill Flóabandalagið hækka lægstu laun sérstaklega. Önnur laun fá almenna prósentuhækkun. Almenna hækkunin verði þannig að hún samrýmist markmiði um minnkandi launamun og stöðugleika.

Með hliðsjón af reynslu síðustu samninga er gerð sú krafa til Samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda að þau skýri út launastefnu sína og skilgreini hvort hún samrýmist þessum almennu markmiðum.

2) Lág verðbólga og almennur stöðugleiki tryggir að launahækkunar skili sér í auknum kaupmætti

Framlag almenns verkafólks, eitt og sér, heldur ekki niðri verðbólgu. Framlag án þátttöku annarra hópa launafólks hefur fyrst og fremst þau áhrif að laun almenns verkafólks lækka hlutfallslega miðað við aðra hópa. Launahækkunarir sem miða að hægt vaxandi kaupmætti í umhverfi þar sem aðrir hópar eru fyrirfram ákveðnir í að sækja meira, stangast

á við það markmið að draga úr auknum launamun síðustu ára.

3) Tryggingarákvæði

Flóabandalagið krefst skýrra opunarákvæða vegna verðbólgu og launahækkana annarra hópa. Aðeins þannig verður tryggt að svigrúm í atvinnulífinu komi til skipta fyrir allan almenning en

Framlag almenns verkafólks, eitt og sér, heldur ekki niðri verðbólgu.

Framlag án þátttöku annarra hópa launafólks hefur fyrst og fremst þau áhrif að laun almenns verkafólks lækka hlutfallslega miðað við aðra hópa

ekki bara til útvalinna hópa. Almenn launafólk settir sig ekki við að sitja eftir í launaþróun í þjóðfélaginu. Þess vegna telur Flóabandalagið það skilyrði fyrir samningi að örugg tryggingarákvæði séu

sett gagnvart verðbólgu og umframhækkunum annarra.

4) Starfsmenntun og atvinna - menntunarreikningar

Nauðsynlegt er að gera launafólki auðveldara með aukinni menntun og hæfni að flytja sig á milli starfa og atvinnugreina og bæta þannig kjör sín. Þetta verður best gert með öflugri símenntun. Leggja verður sérstaka áherslu á að bæta við þekkingu þess fólks sem hefur minni sérhæfingu og menntun. Flóabandalagið telur að Starfsafl- starfsmenntasjóður Flóabandalagsins hafi lyft grettistaki á undanförunum árum. Flóabandalagið leggur áherslu á að Starfsafl verði fest í sessi með iðgjaldi af launum sem renni í sjóðinn.

Flóabandalagið vill láta skoða kosti menntunarreikninga í formi séreignarsparnaðar með framlagi atvinnurekenda og skattafsláttum af hálfu stjórnvalda.

5) Kostnaður vegna sérkjarasamninga

Kostnaður vegna sérkjarasamninga sé innan ramma almennra launabreytinga.

6) Samningstími

Flóabandalagið telur að umræða um samningstíma eigi að fara fram um leið og viðræður eiga sér stað um kaupliði. Almenn stefna er sú að miða við samning til lengri tíma þar sem hækkandi kaupmáttur kemur á móti lengd samningstíma.

Sjálfsafgreiðsla eða þjónusta



Þú er valið!

á næstu ESSO stöð*

Veldu hraða!

Hjá ESSO getur þú nú sparað tíma og borgað við dæluna þegar þú velur sjálfsafgreiðslu.

Veldu þægindi!

Láttu okkur um að dæla á bilinn og nýttu þér um leið þá þjónustu sem við erum þekkt fyrir.

Veldu ódýrara bensín!

Þegar þú dælir sjálfur á ESSO stöðvunum getur þú treyst því að fá eldsneyti á hagstæðu verði.



*Á höfuðborgarsvæðinu

Sigurður Bessason, formaður Eflingar

Bjartsýnn á aukinn kaupmátt



Við hér á Eflingu-stéttarfélagi erum með allt annað mat á efnahagslegum forsendum en forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins. Við teljum að atvinnulífið beri áfram hækkandi kaupmátt launafólks og munum halda stíft fram þeim kröfum í samningaviðræðunum framundan. Ef tekið er mið af flestum spám um framvindu efnahagsmála, er ljóst að staða fyrirtækjanna verður sterk á næstu árum og við ætlumst til þess að launafólk fái hlutdeild í þeim arði, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar í viðtali við blaðið. Fréttablað Eflingar ræddi nánar við Sigurð um samningamálin framundan.

Reyndar tel ég þetta tal Samtaka atvinnulífsins um lítið svigrúm til launahækkana ekki endurspeglast nema að litlu leyti úti í fyrirtækjunum. Við sjáum góða stöðu fyrirtækjanna koma m.a. fram í yfirborgunum á ýmsum sviðum s.s. í byggingariðnaði og víðar. Við sjáum að afkomutölur sem mörg fyrirtæki eru að birta um þessar mundir sýna góðan hagnað og almennt virðist vera bjartsýni ríkjandi hjá forsvarsmönnum fyrirtækjanna.

Þá hníga nánast allar spár greiningardeilda bankanna að því að hér verði grundvöllur til kaupmáttarauka á næstu árum. Spárnar gera mismikið úr þessu svigrúmi en það er ljóst að bjartsýni sérfræðinga bankanna um efnahagslífið fer

engan veginn saman við úrtölutóninn í Samtökum atvinnulífsins.

Nú eru framundan miklar framkvæmdir í mannvirkjagerð á næstu árum og ljóst að tímabilið fram til 2007 er mikill athafnatími. Það hefur verið varað við því að þá geti orðið niðursveifla. Ég tel að það sé allt of snemmt

Við höfum verið að undirbúa okkur fyrir glímu við ríkið og munum beita öllum tiltækum ráðum til að ná fram réttlátum kröfum fólks um sömu laun og sömu réttindum fyrir fólk sem vinnur sömu og sambærileg störf

að segja til um stöðu efnahagslífsins fjögur ár fram í tímann því það munu að öllum líkindum skapast ný atvinnutækifæri.

Hvað viltu segja um sérstaka hækkun lægstu launa eins og í síðustu samningum?

Við teljum að sú aðferð sem við höfum notað í undanförunum samningum þ.e. að hækka þá sem eru með lægsta kaupmátt umfram hina, eigi að vera til skoðunar áfram þar sem lægstu launin

eru sannarlega of lág. Við vitum að samþjöppun taxtakups er orðinn vandi, en við erum að skoða útfærslur í þessu efni þessa dagana og ég er bjartsýnn á að hægt sé að finna aðferð til að hækka lægstu launin umfram önnur laun, en að kaupmáttarauki allra launa verði meginstefið okkar í þessum samningum.

Samtök atvinnulífsins halda því fram að hér séu laun komin í hámark sem hlutfall af verðmætasköpuninni og með því mesta sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

Já, okkur sýnist að þessar tölur séu miðaðar við bráðabirgðatölur Hagstofunnar en þess bera að geta að ýmsir hópar í þjóðfélaginu hafa sótt kaupmátt sem fer langt fram úr hækkunum hins almenna launamanns. Ef teknir væru sérstaklega út úr þeir hópar sem við semjum fyrir, væri útkoman hjá fyrirtækjunum að okkar mati allt önnur. Þetta eru einmitt viðbótarröksemdir fyrir sérstökum hækkunum til okkar fólks.

Það er ekki síst hjá ríkinu, sem mismunar launafólki bæði í launum og réttindum, þar sem við þurfum að fara fram af mikilli festu. Við höfum verið að undirbúa okkur fyrir glímu við ríkið og munum beita öllum tiltækum ráðum til að ná fram réttlátum kröfum fólks um sömu laun og sömu réttindi fyrir fólk sem vinnur sömu og sambærileg störf.



14,31%

frá áramótum!

Hrein nafnávöxtun Framtíðarsýnar 2 fyrstu sex mánuði ársins var 14,31% og 11,97% hjá Framtíðarsýn 1.

Árleg meðalraunávöxtun séreignarsjóða Framsýnar var 9,59% síðustu 3 árin. Ávöxtun sjóðanna hefur verið góð þrátt fyrir miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum síðustu ár.

Tryggðu þér meira ráðstöfunarfé á eftirlaunaárunum og byrjaðu strax að spara.

Nýttu þér framlag vinnuveitanda og ríkisins. Byggðu upp lífeyrissjóð sem:

Er fjármagnstekju- og eignarskattsfriðs • Skerðir hvorki barna- né vaxtabætur • Er varinn gegn fjárnámi og gjaldþroti • Er þinn elgin sjóður og erfist við andlát.

Hrein nafnávöxtun tímabils

Framtíðarsýn 1	11,97%
Framtíðarsýn 2	14,31%

Hrein nafnávöxtun á ársgrundvelli

Framtíðarsýn 1	25,37%
Framtíðarsýn 2	30,66%

Hrein raunávöxtun á ársgrundvelli

Framtíðarsýn 1	22,19%
Framtíðarsýn 2	27,34%

Framsýni borgar sig



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Skrifstofa sjóðsins er að Sættúni 1, sími: 515 4700, fax: 515 4701, heimasíða: www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is.
Afgreiðslutími er 8.30 – 16.30. Yfir sumarmánuðina er afgreiðslutími kl. 8 – 16.



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlíð umsóknaryðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____% af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignareikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifli umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit ef lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%

Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%

Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sæturn 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest þóssrit af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Korpukot og Fossakot

Trassa að greiða öll gjöld

Skiptu um kennitölu þegar allt var komið í óefni

Hver ber ábyrgðina?

Fyrr á þessu ári fjallaði Fréttablað Eflingar um tiltekna einkarekna leikskóla. Tilfni var það að nokkrir starfsmenn þeirra höfðu leitað til félagsins vegna vangoldinna launatengdra gjalda og fleiri þátta sem ekki hafa verið í lagi hjá þessum aðilum. Mjög alvarlegt er að þessir aðilar hafa trassað að greiða öll lögboðin gjöld þar á meðal í lífeyrissjóð mánuðum saman og hafa vanskilin skapað óryggi hjá starfsmönnum. Hér er um bein lögbrot að ræða og mál starfsmannanna eru nú í innheimtu. Það einfaldar ekki málið að um áramótin síðustu breyttu umræddir aðilar að leikskólunum Korpukoti og Fossakoti

um kennitölu, en það er þekkt aðferð þegar komið er í óefni með greiðslu lögboðinna gjalda af starfsfólki að skipta um kennitölu, yfirfæra starfseminu og starfsmennina á nýju kennitöluna og skilja skuldirnar eftir í gamla fyrirtækinu.

Það hlýtur að vera í meira lagi vafasamt að aðilar sem skila ekki lögboðnum fjármunum sem þeir hafa tekið af starfsfólki sé treystandi fyrir rekstri leikskóla barna.

Hjá þessum tiltekna rekstaráðila hefur verið mikið um vanskil á undanförunum árum bæði á félagsgjöldum og lífeyrissgjöldum. Þannig hafa verið vanskil á

öllum iðgjöldum til Eflingar frá því í maí 2002 og lífeyrissjóðsgjöld í vanskilum frá sama tíma til áramóta. Þá var kennitölu breytt en nýja fyrirtækið er komið í innheimtu líka.

Fréttablað Eflingar hefur varpað fram þeirri spurningu til yfirvalda borgarinnar hver beri ábyrgðina og formlegu bréfi til Leikskóla Reykjavíkur um þetta efni hefur ekki verið svarað. Skólarnir fá rekstrarfé frá Leikskólum Reykjavíkur og einnig rekstrarleyfið. Spurningin hlýtur því að vera hvar ábyrgðin liggir og hvort fé sem tekið er af skattpeningum borgarbúa megi verja með þessum hætti, eftirlitslaust af hálfu borgarinnar.

Góðir leikskólar í Reykjavík

Leikskólar Reykjavíkur eru ekki einu rekstraraðilar leikskóla í borginni. Þar hafa aðrir aðilar komið að rekstri í langan tíma og hafa flestir staðið sig vel, en nú á síðari árum hafa verið að koma upp mál vegna rekstraraðila sem standa sig ekki gagnvart starfsfólki og rekstri. Í þeirri stöðu hafa sumir rekstraraðilar einfaldlega hætt rekstri en aðrir hafa lent í innheimtuaðgerðum og síðan annaðhvort lokað eða komið sínum málum á hreint.

Á alvarlegra stig

Því miður virðist í dæmum sem nefnd eru hér að ofan um vanrækslu að ræða gagnvart starfsfólki og jafnvel markvissan ásetning um að hlunnfara starfsmenn, brjóta lög og kjarasamninga um lögbundnar greiðslur af starfsmönnum til opinberra aðila, sjóða og stéttarféлага.

Það er því kallað eftir ábyrgð þeirra sem leggja fé skattgreiðenda í rekstur að eftirlit sé með þeim hætti að starfsfólki sé óhætt að ráða sig til vinnu þar.

Efling er með í athugun að óska opinberrar rannsóknar á þessum iðgjaldavanskilunum

Efling-stéttarfélag

Tilkynning frá Sjúkrasjóði

15. desember er síðasti skiladagur umsókna vegna desembermánaðar.

Stefnt er að því greiða sjúkradagpeninga og aðra styrki út fyrir jólin. Skila þarf umsóknum og öðrum gögnum í síðasta lagi 15. desember n.k.

Fyrsta útborgun sjúkrasjóðs á nýju ári verður 30. janúar 2004.

Stjórn Sjúkrasjóðs Eflingar-stéttarfélags

Deilt um ráðningarkjör

Atvinnurekandi dæmdur til að greiða kröfu launamanns

- eftir Huldu Rúriksdóttur, hdl.

Þann 1. september s.l. var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli starfsmanns þar sem deilt var um ráðningarkjör, sem voru samkvæmt munnlegum ráðningarsamningi. Málið er athyglisvert, en helstu atriði þess fara hér á eftir.

Málavextir

Málavextir eru þeir að þann 1. nóvember 2000 hóf starfsmaðurinn störf við málningu hjá viðkomandi atvinnurekanda og starfaði hjá honum þar til 10. ágúst 2001 er hann veiktist af hjartasjúkdómi og var óvinnufær allt til 15. október. Starfsmaðurinn fékk sömu laun greidd allan starfstímann eða 900 kr/klst. Launin voru reiknuð þannig að skráðar voru vinnustundir starfsmannsins og var fjöldi vinnustunda margfaldaður með tímakaupi og skipti ekki máli hvenær vinnan var innt af hendi; hvort það var á dagvinnutímabili eða um helgar. Enginn skriflegur ráðningarsamningur hafði verið gerður á milli að-

ila málsins. Starfsmaðurinn hélt því fram að honum hafi verið sagt upp störfum í kjölfar veikindanna en atvinnurekandinn hélt því fram að starfsmaðurinn hafi horfið frá störfum í veikindaleyfi og hafi ekki komið aftur til

Dómurinn fellst ekki á að tímakaup sem er hærra en lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi skerði rétt launþega til annarra greiðslna og réttinda sem kveðið er á um í kjarasamningi.

starfa og heldur ekki sagt starfi sínu lausu.

Kröfur starfsmannsins

Málinu var stefnt fyrir dóm á þeim forsendum að starfsmaðurinn hafi ekki



Hulda Rúriksdóttir, hdl.

fengið greidda eftirfarandi launabætti þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningi um að starfsmaður sem fellur undir kjarasamninginn eigi rétt til. Krafa starfsmannsins sundurliðaðist þannig:

- Kjarasamningsbundin 3% hækkun launa sem tók gildi þann 1. janúar 2001. Gerð var krafa um hækkunina á öll laun á árinu 2001.
- Ógreiddir veikindadagar, en því var haldið fram að starfsmaður hafi einungis fengið hluta veikindadaga greidda, með vísan til veikindaréttar hans samkvæmt kjarasamningi.
- Ógreiddir frídagar. Starfsmaðurinn hafði ekki fengið greidda kjarasamningsbundna frídaga eða svokallaða „rauða daga“ (helgidaga) eins og tekið er fram í kjarasamningi að starfsmenn eigi rétt til.

Framhald á blaðsíðu 42

Geðdeildir

Félagsliðanámíð hentar vel



Nýtt nám á sviði umönnunar aldræðra og fatlaðra sem nefnist félagsliðanám er nú hafið og er það kennt m.a. í Borgarholtsskóla og í Námsflokki Reykjavíkur, auk þess sem hægt er að taka hluta eininga í öðrum skólum. Þetta nám er sniðið að þörfum þeirra sem m.a. vinna við umönnun geðfatlaðra og eru margir áfangar sértækir á þessu sviði.

Þegar starfsmenn á geðdeildum vilja sækja sér þessa menntun þá er hægt að fá starfsreynslu og námskeið Eflingar metið. Þetta mat er þannig að starfsmaður sem er 22 ára og hefur 3 ára starfsreynslu getur fengið 17 einingar metnar til styttingar námsins. Starfsmenntasjóður Eflingar og ríkisins greiðir síðan 90% af námskeiðskostnaðnum eftir að hverri önn er lokið.



Efling-stéttarfélag

Mikilvægt að ná **jöfnuði í tryggingum**

Eins og margoft hefur komið fram áður, er mikill munur á réttindum launafólks eftir því hvort það tilheyrir opinberu stéttarfélagi eða almennu innan ASÍ. Tryggingar starfsmanna eru eitt dæmi um þetta. Hjá opinberu stéttarfélagi eru starfsmenn tryggðir allan sólarhringinn á meðan algilt er að starfsmenn á almennum markaði eru einungis tryggðir á vinnutíma og til og frá starfsstað. Þá eru tryggingafjárhæðir mun hærri í samningum opinberra starfsmanna en sjást í almennum samningum. Þannig fær starfsmaður hjá opinberu stéttarfélagi sem hlýtur varanlega örorku vegna slyss í starfi tæplega þremur milljónum meira en starfsmaður hjá almennu stéttarfélagi og opinber starfsmaður fær ríflega 4 milljónir í bætur vegna slyss utan starfs en þá fá starfsmenn á almennum markaði í flestum tilvikum engar bætur.

Efling-stéttarfélag er um þessar mundir að láta vinna nákvæma úttekt á þessum málum og mun væntanlega fara með þær niðurstöður inn í komandi kjaraviðræður.



Gleðilega hátíð




ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að líða.

Fagmennska í áratugi
 ISS Ísland er stærsta ræstingarfyrirtæki á landinu með 20 ára bakgrunn og er tengt alþjóðafyrirtækinu ISS sem starfar í 36 löndum.
 ISS Ísland leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.



Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600- fax: 5 800 666
 Akureyri: Tryggvabraut 10, sími 460 6261 - fax: 462 7842
 Heimasíða: www.iss.is



Lífið endar ekki á eftirlaunum

Nýtt líf á skautum

hjá Kristjónu Guðmundsdóttur sem var lækna-ritari og rættitækni

Þegar fólk fer á eftirlaun verður til-
veran stundum hálf dauðleg og margir
eiga erfitt með að fóta sig við breyttar
aðstæður í lífinu. Sumir leggjast í kör
en sem betur fer eru þeir miklu fleiri
sem fá jafnvel ný áhugamál til að glíma
við. Kristjana Guðmundsdóttir hætti
störfum nýlega og fór á eftirlaun. Hún
var lækna-ritari í 19 ár og vann við ræst-
ingar hjá Prentsmiðjunni Odda ásamt
eiginmanni sínum. Í desember síðast-
liðnum fékk hún nýtt áhugamál og á
það allan hug hennar um þessar mund-
ir. Og hvað skyldi það svo vera?

Jú, hún fer í Skautahöllina í Laugar-
dal og rennir sér á skautum. Hún var
meira en lítið til í að segja lesendum
Fréttablaðs Eflingar frá þessu nýja
áhugamáli sínu. Bláðamaður hitti hana
að máli í Skautahöllinni.

Það var myndarleg, eldri kona sem
kom á móti mér á skautasvelliinu. Hún
var í ljósblárra úlpu og dökkbláum hlífð-
arbúxum, í skjannahvítum skautum og
renndi sér af miklu öryggi í áttina að
grindverki sem er umhverfis skauta-
svellið. Ég greip myndavélina sem hékk

um hálsinn á mér og smellti af
nokkrum ljósmyndum til að nota með
viðtalinu. Að því loknu fengum við
okkur sæti í afgreiðslusalnum og ég
spurði hana fyrst hvernig í ósköpunum
henni hefði dottið í hug að hefja skauta-
iðkun komin á þennan aldur? Það er
skemmtileg saga að segja frá því, sagði
Kristín.

*Einu sinni kom lítil stúlka til
mín og sagði: „Mikið ertu
flínk af því þú ert svo gömul“*

Í desember á síðasta ári fórum við
hjónin til Akureyrar og dvöldum hjá
tveim sonum okkar yfir jólin og áramót-
in og áttum yndislegar stundir með
fjölskyldum þeirra.

Börnin áhrifavaldurinn

En eitt skyggði þó á. Barnabörninn
voru sjaldnast heima og við söknuðum
þess að geta ekki verið meira samvistum
við þau. Eina leiðin til að hitta börnin
var að fara í skautahöllina og horfa á
þau renna sér á skautum allan liðlangan
daginn. Svo rann síðasti dagurinn upp

og eins og endranær var Reynir, sonur
minn á leið með börnin á skauta. Allt í
einu datt mér í hug að spyrja hvort ég
mætti ekki koma með þeim. Honum
fannst það alveg sjálfsagt og þegar við
komum í Skautahöllina leigði ég mér
skauta og Reynir hjálpaði mér að reima
þá á mig og studdi mig svo út á svellið.

Til að byrja með hékk ég á veggnum
sem umlykur skautasvellið. En svo fór
ég hægt og rólega að mjaka mér af stað
og tveim tímum seinna var ég komin
með það gott jafnvægi að ég gat aðeins
rennt mér áfram. Þegar ég kom heim
sagði ég eiginmanninum frá því hvað ég
hafði skemmt mér vel og lært mikið og
ég væri alveg til í að læra meira. Hann
tók mig á orðinu og færði mér skauta að
gjöf. Svo héldum við suður til Reykja-
víkur.

Heilsulind

Eftir heimkomuna fór ég í einn tíma
hjá yndislegri stúlku sem kennir á
skauta í Skautahöllinni og lærði nokkur
undirstöðuatriði. Síðan æfði ég mig í
hverri viku fram á vor en byrjaði svo aft-
ur í haust þegar skautahöllin opnaði eft-
ir sumarlokun. Það er gaman að geta
sagt frá því að þegar ég var búin að fara
á skauta í mánuð hætti ég að finna til í
bakinu en áður hafði ég verið nokkuð
slæm af verkjum vegna slitgigtar. Mér
fannst þetta hálf skrítið og hafði sam-
band við lækinn, fyrrverandi vinnu-
veitanda minn. Hann sagði að bakverk-
urinn hefði horfið því að ég væri að
styrkja alla vöðva og það héldi gigtinni í
skefjum.

Ég fór á heilsuræktarstöð í tvö skipti
og var m.a. hjá einkaþjálfara og gekk á
göngubretti með litlum árangri. Skauta-
ferðirnar eru mun heilsusamlegri og
bæði úthald og styrkur hafa aukist mik-
ið hjá mér. Í sumar fór ég mikið í
gönguferðir og sund en núna hef ég
bætt við þrem skautaferðum í hverri
vikunni. Að undanfögnu hef ég verið að
velta því fyrir mér hvort að einhverjir
hjá Tómsundaráði Reykjavíkur gætu
ekki skipulagt skautakennslu fyrir eldri
borgara. Það yrði mikil heilsubót fyrir
marga og svo er líka gaman að hitta
jafnaldrá sína á skautasvelliinu. Annars
hafa krakkarnir tekið mér afskaplega vel.

Einu sinni kom lítil stúlka til mín og
sagði, mikið ertu flínk af því þú ert svo
gömul. Þetta fannst mér fallega sagt af
barninu, sagði Kristjana að lokum. Því-
líkur dugnaður í konunni, hugsaði ég
um leið og ég gekk út í hlýjuna.



Opna kerfið

Dans *rækt* Í jólaskapi!

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Í opna kerfinu bjóðum við mikið úrval tíma í sal þar sem fram fer fjölbreytt þol-, styrktar- og liðleikþjálfun: hefðbundnir JSB tímar, lóða- og styrktartímar, pallatímar, tímar í jazzballett og yoga. Í tækjasalnum gefst þér jafnframt kostur á einkaþjálfun og leiðsögn.

Vertu velkomin í okkar hóp!

Ath.

**Í tilefni jólanna bjóðum við
40% afslátt af þriggja mánaða kortum
í desember.**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Brófsími 581 3732

Félagsmenn Eflingar hjá Össurri

Betra líf fyrir fjölda manns

Félagsmenn í Eflingu vinna ýmis störf og margbrotin. Hjá stoðtækjaframleiðslu Össurar starfa um 40 Eflingarfélagar m.a við að framleiða gervilimi fyrir þá sem misst hafa útlími vegna slysa eða sjúkdóma. Störfin hjá Össuri eru vandasöm og oft flókin enda tækniframfarir í þessum geira miklar og örar. Fréttablað Eflingar heimsótti fyrirtækið og spjallaði við þrjá starfsmenn, sem eru félagsmenn í Eflingu.

Edda Kristín Eiríksdóttir vinnur við framleiðslu á siliconsokkum sem heita Dermo, Stabilo og Sport og eru notaðir sem innsta lag í hulsur á gervifótum. Hún segir að áður en sokkarnir komist í sínar hendur sé búið að móta þá í textíl og gera ýmislegt fleira sem ekki sé ástæða til að lýsa nánar. Mitt starf er m.a. að sprauta siliconi í sokkana og baka þá í sérstökum ofni. Að því loknu athuga ég hvort að einhverjir aðskotahlutir eða loft hafi komist í þá og snyrti svo hvern sokk eftir þörfum. Þá er hann tilbúin til merkingar og gæðaeftirlits. Síðan fara þeir í þökkun og enda loks hjá birgja, annaðhvort hér innanlands

eða í Bandaríkjunum, Evrópu eða Asíu, segir hún.

Mikil vinna er lögð í framleiðslu á þessum sokkum og þeir eru allir í miklu uppáhaldi hjá mér. En ég held mest upp á sportsokkinn. Hann er algjör bylting og gefur þeim sem eru með gervifætur kost á miklu meira frelsi til að taka þátt í keppnisíþróttum, gönguferðum eða taka þátt í öðrum almenningssíþróttum. Oft er mér hugsað til þess hvað ég er heppin að vinna hjá fjöldskylduvænu fyrirtæki við framleiðslu á vörum, sem auka lífsgæði þeirra sem hafa misst útlími og gerir fjölda manns út um allan heim mögulegt að eiga betra líf, sagði Edda og geislaði af gleði.

Hef góða reynslu af framleiðslunni

- segir Gísli Jónsson

Gísli Jónsson, sér um pantanir á verkfærum og hráefni til vinnslu á renni-verkstæðinu og skráir allar vörur sem fara á lager. Við framleiðum allskonar



Edda Kristín Eiríksdóttir

íhluti í gervifætur og gervihundur þ.á.m. allskonar festingar og læsingar. Samtals er um að ræða 250 vörunúmer og 400 þúsund stykki á ári. Stundum bregð ég mér í vinnugalla og sest við einhverja vél eða sinni öðrum störfum sem til falla.

Ég var með gervifót þegar ég hóf störf hjá fyrirtækinu fyrir 9 árum og reiknaði með að vera í hlutastarfi, en fljótlega kom í ljós að fullt starf hentaði mér ágætlega. En stundum hefur þurft að hliðra til, ef þannig hefur staðið á hjá mér.

Sjálfur hef ég mjög góða reynslu af framleiðslu fyrirtækisins, allar götur síðan 1983, þegar ég fékk minn fyrsta gervifót. Þessvegna, er ég sérstaklega ánægður yfir því að hafa fengið að fylgjast með hvernig framþróun í gervilimasmiði hefur orðið á síðustu árum. Ég stundaði mikið íþróttir og var í björgunarsveit þegar ég missti fótinn og auðvitað varð ég að hætta því, en það hefur margt annað komið í staðinn og ég er þakklátur fyrir það, sagði Gísli að lokum.



Gísli Jónsson



Frábært að vinna hér

- segir Enrique Canales Fuentes

Enrique Canales Fuentes, er frá Chile og kom til Íslands í desember 1991 ásamt fjöldskyldu sinni. Hann sagði að í upphafi starfsferils síns hjá Össuri fyrir 10 árum hefði hann gert við gervilimi.

En núna eru aðrir tímar og ég vinn við framleiðslu á tækjum sem heita Iceflex og stoðtækjasmiðir nota til að móta hörðu hulsurnar á gervifótum. Þetta eru sérstakar blöðrur sem eru settar utanum stúfinn. Síðan eru þær blásnar upp og þá mótast stúfurinn innan í blöðrunni.

Ég sé líka um að pakka tækjunum og koma þeim á lagerinn og þaðan eru þau svo send út um allan heim. Mér finnst frábært að vinna hér og það fylgir því góð tilfinning, sagði Enrique og brosti.

Er um að vinna þarft verk

- segir Valgerður Heimisdóttir

Valgerður Heimisdóttir er ung að árum. Hún hefur unnið í koltrefjadeild í rúmt ár þar sem m.a. spelkurnar eru búnar til. Ég sé um að pakka mótum og fylgjast með vélinni sem býr þau til. Svo geri ég límmiða og vinn ýmis önnur störf sem til falla. Ég þekki engan sem er með gervilim en ég veit að við sem vinnum hér erum að vinna þarft verk, sagði Valgerður.

**Hjá stoðtækjaframleiðslu
Össurar starfa um 40 Efling-
arfélagar m.a við að fram-
leiða gervilimi fyrir þá sem
misst hafa útlími vegna
slysa eða sjúkdóma**





Sumir eru svolítið stressaðir í upphafi en svo slaknar á spennunni og þá gengur allt miklu betur

ur og trúnaðarmaður í Réttarholtsskóla tekur þátt í þessum viðtölum sem fulltrúi Eflingar. Við leitum upplýsinga hjá henni um hvernig þetta gengur fyrir sig.

Það var Ragnar Ólason, aðaltrúnaðarmaður Eflingar hjá Reykjavíkurborg, sem bað mig um að vera viðstödd viðtölin og aðstoða fólk ef á þyrfti að halda. Mér fannst þetta spennandi verkefni og eftir að hafa rætt við yfirmann minn ákvað ég að slá til. Hingað til hef ég tekið þátt í u.þ.b. tuttugu viðtölum og stendur hvert viðtal í tvo til þrjá tíma. Hver viðmælandi þarf að svara 70-90 spurningum. Hlutverk stéttarfélagfulltrúans er að vera starfsmanni til aðstoðar og stuðnings enda þekki hann kerfið vel.

Sumir eru svolítið stressaðir í upphafi en svo slaknar á spennunni og þá gengur allt miklu betur. Það sem hefur kannski komið mér mest á óvart er hvað starfsfólk í heimaþjónustu þarf að leggja mikið á sig. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. Annars er ég mjög ánægð með hversu vel Eflingarfélagar hafa staðið sig vel í viðtölunum. Ég vona fyrir hönd okkar allra að starfsmatið færi okkur einhverjar krónur í budduna, en ég vil vara við of mikilli bjartsýni, sagði Hrönn að lokum.

Vinna við starfsmatið í fullum gangi

Ánægð með frammistöðu félaga minna

- segir Hrönn Bjarnþórsdóttir, stéttarfélagfulltrúi

Eins og kunnugt er vinnur Efling að því með borginni og öðrum stéttarfélögum að koma á starfsmati. Hluti af

verkefninu eru starfsmatsviðtöl sem taka þarf við launafólk í tengslum við matið. Hrönn Bjarnþórsdóttir, matræð-

Fanney Sigurðardóttir hjá skammtímavistun í Álfalandi 6

Merkilegt og ábyrgðarmikið starf

Fanney Sigurðardóttir, starfar með fötluðum börnum sem koma í skammtímavistun að Álfalandi 6. Hún fór í starfsmatsviðtal á dögnum og sagði að það væri mjög spennandi að taka þátt í þessu verkefni og hún vænti mikið af því fyrir alla sem málið snertir. Hún segist hafa undirbúið sig nokkuð vel með aðstoð samstarfsmanna sinna. Í þeirri yfirferð kom í ljós að okkur fannst við vinna mjög merkilegt og ábyrgðarmikið starf, sem væri alltof lágt metið í launum.



Þegar ég sá spurningarnar sem ég átti að svara varð ég ennþá sannfærðari um að þetta mat okkar væri rétt. Það var gagnlegt og gaman að fara í gegnum starfsmatið. Einnig var lærdómsríkt að setjast niður með samstarfsfólki og spá í

hvaða kröfur starfið gerir til okkar. Ég vona bara að mér hafi tekist að svara spurningunum á þann hátt að það endurspegli starfið mitt sem best og komi fram í réttum launum þegar matið kemur, sagði Fanney að lokum.



Góður árangur hjá Starfsaflí

Erum rétt að byrja

Segir Marianna Traustadóttir, verkefnisstjóri

Starfsmenntasjóðurinn Starfsafl var stofnaður í tengslum við síðustu kjarasamninga árið 2000. Marianna Traustadóttir var ráðin sem verkefnastjóri í lok árs 2000 og má því segja að starfsemin hafi fyrst fyrir alvöru farið af stað árið 2001 og hefur Starfsafl því starfaði í tæp þrjú ár. En hvernig hafa þessi þrjú ár liðið, gefum Mariönnu orðið.

Með stofnun Starfsafls var ætlunin að stuðla að aukinni hæfni og starfstengdri menntun félagsmanna í Flóabandalaginu. Þessu markmiðin vildum við ná með því að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun; leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun; kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu. Þá var það ætlun okkar frá upphafi að styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis og styrkja rekstur námskeiða ásamt því að veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar.

En hvernig hefur starf sjóðsins farið fram?

Verkefnin skiptast í tvo megin flokka. Annar vegar styrkir til einstaklinga vegna náms að eigin vali en hins vegar eru stærri verkefni s.s. rekstur námskeiða og þróun nýrra námsleiða í samvinnu við fræðsluaðila.

Hvernig hefur verið staðið að kynningarmálum?

Starfsafl hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á kynningarmál enda góð kynning forsenda þess að sjóðurinn nýtist, segir Marianna. Heimasíða, bæklingar og annað kynningarefni var hannað, heimsóknir hafa verið á tugi vinnustaða á Flóasvæðinu. Send voru kynningarbréf til allra fyrirtækja á félagssvæði Starfsafls en þau eru á milli 14-15 hundruð. Þá hafa trúnaðarmenn stéttarfélaganna fengið bréf frá Starfsaflí oft en einu sinni. Á heimsíðum aðildafélaga Starfsafls er fjallað um sjóðinn og í félagsblaði Eflingar er reglulega fjallað um starfsmenntunarmál og verkefni kynnt.



Marianna Traustadóttir

Gríðarlega vaxandi eftirspurn eftir einstaklingsstyrkjum; hafa hækkað úr 8.000 upp í 35.000

Fjöldi þeirra sem sækja styrki hjá Starfsaflí vegna náms að eigin vali hefur vaxið hröðum skrefum. Á þessu ári hefur vöxturinn haldið áfram. Þannig að á sjö fyrstu mánuðum ársins 2003 hafa 937 styrkir verið veittir sem er meira en allt síðasta ár. Haldi þessi þróun áfram má búast við að styrkir til einstaklinga á árinu 2003 verði meira en tvöfalt fleiri en árið 2002. En til þess að eiga rétt á styrk þarf fólk að hafa greitt félagsgjöld í a.m.k. 12 mánuði. Styrkurinn er greiddur eftir á og þarf fólk að sýna fram á að það hafi lokið náminu. Styrkurinn hefur hækkað töluvert en hann var í byrjun 8.000 kr. fyrir hvora námsönn. Síðan hefur styrkurinn nokkrum sinnum verið hækkaður og er hámarksstyrkur nú 35.000 á ári til félagsmanns í fullu starfi. Ekki er greitt meira en 75% af námsskeiðsgjaldi, segir Marianna.

En hvers konar nám eru félagsmann að sækja styrki til að sækja?

Tölvu- og tungumálanám er samtals rúmlega 22% af styrkjunum, en þetta nám er oft forsenda frekara náms og auðveldar líka ýmis störf. Vinnuvéla- og meiraprófsnámskeið, svo og iðnskólánám og starfsnám er umtalsverður hluti en styrkir til framhaldsskóla- og háskólanáms eru einnig drjúgir. Þá segir Marianna að margir einstaklingsstyrkir séu vegna íslenskunáms fyrir útlendinga.

Ýmis samstarfsverkefni vaxandi hluti af okkar starfi

Starfsafl hefur komið að eða átt frumkvæði að nokkrum samstarfsverkefnum með fyrirtækum og/eða fræðsluáðilum segir Marianna. Hún nefnir okkur dæmi eins og Bensínskólinn þar sem olúfélögin Þrjú, Essó, Olís og Skeljungur hafa tekið sig saman um fræðslu starfsfólks á bensínstöðvum. Einnig nefnir Marianna Jarðlaganámsskeið sem var eitt af fyrstu verkefnum sem Starfsafl styrkti, og nú er unnið að nýrri námsbraut fyrir ræstingarfolk - s.k. Þjónustuliðabreit. Þá má nefna Grunnmenntaskólann sem er 150 stunda almennt nám fyrir fólk með stutta skólagöngu; Landnemaskólinn er síðan samstarfsverkefni Eflingar og Mímis og er um að ræða 120 stunda nám fyrir starfsmenn af erlendum uppruna og áfram mætti telja.

Námsráðgjöf vaxandi verkefni sjóðsins

Marianna bendir á að í samvinnu við Mími-símenntun hafi í framhaldi af Leonardó-verkefni verið farið af stað með námsráðgjöf úti á vinnustöðum. Námsráðgjafi hefur verið með kynningu fyrir hópa á vinnustöðum og svo hefur verið einstaklingsráðgjöf á eftir.

Eru þó en bara rétt að byrja!

Ef lítið er á það sem gert hefur verið er ljóst að staðið hefur verið fyllilega við markmiðin fullyrðir Marianna. Starfsafl hefur styrkt einstaklinga og fyrirtæki til starfsmenntunar. Sjóðurinn hefur staðið að kynningar- og hvatningarstarfi, styrkt námsefnisgerð og hefur átt frum-

kvæði að og styrkt þarfagreiningu. Við fórum rólega af stað en umfang starfseminnar og fjöldi styrkveitinga hefur vaxið hröðum skrefum. Verkefni framundan eru óþrjótandi segir Marianna áður en hún hleypur á næsta fund til að skipuleggja líklega enn eina námsbrautina.

Námsflokkarnir

Starfstengd námskeið á vorönn 2004

Fagnámskeið II á vorönn eru skipulögð þannig:

Námskeið fyrir starfsmenn í umönnun aldraðra og fatlaðra verður haldið 11. febrúar - 18. mars 2004.

Kennsla fer fram kl.13:00 - 17:20 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga,

og fimmtudaga.

Námskeið fyrir starfsmenn í eldhúsi, ræstingu, býtibúri og þvottahúsum hefst 9. mars - 1. apríl 2004. Kennslan fer fram í Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd.



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðju-


degi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.

Gleðileg jól

VISA UM ALLA FRAMTÍÐ



*Sendum félögum Eflingar - Stéttarfélags og fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári*





TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS



VSÓ RÁÐGJÖF

Merrild Kaffi



Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.

Þykkvabæjar



Leikskólar
Reykjavíkur

**Deloitte
& Touche**



KASSAGERÐIN HF
CENTRAL PACKAGING



Verzlunarmannafélag
Reykjavíkur



Kaupfélag Vestur-Kleppunga
Hverfisheppi
Sími 461-0376

*Sendum félögum Eflingar - Stéttarfélags og fjölskyldum þeirra
hálfðarkveðjur og óskum þeim allra heilla á nýju ári*

AFL, Starfsgreinafélag Austurlands
Alþýðusamband vestfjarða
Bílfreiðastjórafélagið Sleipnir, Mörkinni 6, Reykjavík
Bílfreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf., Smíðuvegi 14, Kópavogi
Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík
Borgarbyggð
Drifandi stéttarfélag, Vestmannaeyjum
E.T. verslun ehf., Klettagördum 11, Reykjavík
Eining - lója, Akureyri
Ernst & Young hf., Ármúla 6, Reykjavík
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag leidsögumanna
Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri
Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut, Reykjavík
Fiskidjusamleg Húsavíkur hf., Garðarsbraut 14, Húsavík
Hreint ehf., Auðbrekka 8, Kópavogi
Höldur / Bílaleiga Akureyrar ehf., Skeifunni 9, Reykjavík
Landssamband íslenskra verzlunarmanna
Landssamband lögreglumanna
Lífeyrissjóður vestfirðinga

Mjólkurfræðingafélag Íslands
Ottó B. Arnar ehf., Ármúla 29, Reykjavík
Rafvirkjafélag Norðurlands
Securitas ehf., Síðumúla 33, Reykjavík
Seltjarnarneskaupstaður
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannafélagið Jötunn, Vestmannaeyjum
Smur, bón- og dekkjaþjónustan sf. Sætúni 4, Reykjavík
Útgerðarfélag Akureyringa hf.
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar
Verkalýðsfélag Stykkishólms
Verkalýðsfélagið Boðinn, Hveragerði
Verkalýðsfélagið Hörður, Melasveit
Verkalýðsfélagið Vaka, Siglufirði
Verkalýðsfélagið Valur, Búðardal
Verzlunarmannafélag Austurlands
Verzlunarmannafélag Hafnarfjarðar
Verzlunarmannafélag Suðurlands



Nemendur í Fjölsmiðjunni sjá um þrif bíla og gera það með miklum ágætum

Efling heimsækir Fjölsmiðjuna í Kópavogi

Ungt fólk úr vítahringnum

Fjölsmiðjan í Kópavogi hóf þriðja starfsár sitt núna í haust og er gert ráð fyrir að nemendur verði 40. Kennsla fer fram í trésmíðadeild, bíladeild, tölvudeild, hússtjórnardeild og pökkunardeild. Einnig geta þeir sem þessa óska fengið kennslu í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Á undanförunum mánuðum hafa fulltrúar margra félaga og stofnana, sem láta sér málefni ungs fólks miklu varða gert sér ferð í Kópavoginn og kynnt sér starfsemi Fjölsmiðjunar.

Það er ekki ofsagt að flestir hafa orðið afskaplega hrifnir af umhverfinu, sem tekist hefur að skapa á hverri deild og af þeim augljósa árangri, sem náðst hefur í að hjálpa ungu fólki að fóta sig á ný í lífinu. Vonandi verða heimsóknir þessara aúfúsugesta til þess að fólk styrkist í þeirri trú að starfsfólk Fjölsmiðjunar hafi á síðustu tveim árum, unnið frábært starf, oft við erfiðar aðstæður. Hugrekki unga fólksins sem leitar sér aðstöð-

ar, jafnvel eftir að hafa rífið sig út úr vítahring atvinnuleysis og félagslegrar einangrunar verði metið að verðleikum með auknum stuðningi. Peningar koma

sér mjög vel fyrir Fjölsmiðjuna en allur annar stuðningur er líka vel þeginn.

Það er vert að hafa það hugfast, þegar starfsemi Fjölsmiðjunar er skoðuð að eitt mannlíf sem glatast getur kostað þjóðfélagið mikið fé þó að mannlíf verði ekki metin til fjár.

Fréttablaðið gerði sér ferð í Kópavoginn fyrir nokkrum dögum og spjallaði við nemendur.





Selma Ósk Þórsdóttir

Mjög gott að vera hérna

- segir Selma Ósk Þórsdóttir

Selma Ósk Þórsdóttir, er nýlega orðin 16 ára og kom í Fjölsmiðjuna fyrir fjórum mánuðum. Hún byrjaði í bíladeildinni og bónaði bíla en flutti sig svo í tölvudeildina. Ég kunni ekkert á tölvur en núna er ég aðeins fróðari um þær, sagði hún aðspurð hvernig henni gengi að aðlagast náminu. Svo er ég líka að þakka heilsukorni fyrir Heilsuhúsið, en eftir áramót stefni ég að því að komast í Verkmenntaskólann á Akureyri.

Það er mjög gott að vera hérna og samstarfið við kennara og nemendur gengur mjög vel, sagði Selma og brosti.



Grétar Þór Ágústsson

Rosalega gott tækifæri

- segir Grétar Þór Ágústsson

Grétar Þór Ágústsson, tvítugur piltur úr Kópavogi starfar í tölvudeild og stundar nám í íslensku og stærðfræði. Þegar ég kom hingað fyrst var ég svolítið neikvæður gagnvart þessari starfsemi,

segir hann. En fljótlega sannfærðist ég um að þetta var rosalega gott tækifæri, og núna, einu og hálfu ári seinna, gleðst ég yfir því að hafa átt þess kost að vera hér.

Samstarfið við kennara og nemendur hefur gengið mjög vel, en það fer að koma að því að ég þarf að huga frekar að framtíðinni. Í þeim tilgangi sótti ég um styrk hjá Kópavogsbæ. Ef svarið verður jákvætt langar mig til að fara í Verkmenntaskóla Austurlands á náttúrufræðibraut og taka stúdentspróf. Svo er aldrei að vita hvað tekur við, sagði Grétar að lokum.

Stefni að því að vinna við akstur

- segir Sævar Valur Sveinsson

Sævar Valur Sveinsson er 22 ára og hefur verið nemandi í smíðadeildinni í rúmt ár. Sævar sagðist hafa gaman að því að smíða en það væri misgaman eftir verkefnum. Við erum að smíða skúra



Sævar Valur Sveinsson

sem sumarbústaðaeigendur nota sem geymslur eða barnahús og svo breytum við vinnuskúrum í litla sumarbústaði. Við gerum líka töluvert af gluggum og inni- og útihurðum fyrir fólk úti í bæ.

Ég skellti mér í meiraprófið og stefni að því að vinna við akstur í framtíðinni. Starfsfólkið hérna sótti um styrk fyrir mig hjá Eflingu til að standa straum af kostnaði sem þessu fylgir og ég var að fréttu að viðbrögðin hefðu verið jákvæð. Þannig að ég vil nota þetta tækifæri og þakka kærlega fyrir mig, sagði Sævar að lokum.

Námsflokkar Reykjavíkur

Stofnaðir 1939

PRÓFANÁM - FRÍSTUNDANÁM
ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA - STARFSNÁM

Félagsliðanám - Sjúkraliðanám
Öldungadeild á grunn- og framhaldsskólastigi.
Fjölbreytt tungumálanám.
Verklegar greinar og myndlistarnámskeið.
Námsaðstoð fyrir skólafólk.
Sérkennsla í lestri og skrift.

Upplýsingar í síma 551 2992.

Kennsla fer fram í Miðbæjarskóla og Mjódd
Netfang: nfr@namsflokkar.is
Heimasíða: <http://www.namsflokkar.is>

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR

Tilviljun að hann flutti til Íslands

Christopher John Morden á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund segir frá



Tilviljun réði því þegar ég kom hingað í fyrsta skiptið árið 1994. Við vorum tveir félagar sem höfðum ákveðið að fara saman í sumarfrí, en gátum ekki ákveðið hvert við vildum fara. Þá datt mér allt í einu í hug að nefna Ísland. Sennilega voru ástæðurnar þær að sem barn hafði ég lesið um land og þjóð í alfræðibók og árið 1969 varð ég þeirrar gæfu aðnjótandi að sjá Surtsey í allri sinni dýrð úr lofti á leið minni til Frakklands í minni fyrstu utanlandsferð, segir Christopher John Morden, 51 árs kanadamaður sem vinnur við umönnun á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Ég ferðist um landið í mánuð og kom m.a. á Snæfellsnes, Látraströnd og gekk Laugavegin frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Kynni mín af landi og þjóð í þessari ferð og næstu ferðum sem á eftir fylgdu, höfðu slík áhrif á mig að ég hef ákveðið að setjast hér að til frambúðar. Svo á veðrið stóran þátt í þessari ákvörðun líka, segir Christopher og brosir. Þeir sem þekkja til í Norður Ontario þar sem ég bjó vita að á sumrin fer hitinn yfir 30 gráður og svo snýst það alveg við á veturna og frostið getur farið talsvert yfir 30 gráður. Það er meira jafnvægi í veðrinu hér og það á betur við mig.

Bestu minningar mínar

Hvar varstu búsettur í Kanada?

Ég fæddist í gamalli iðnaðarborg sem

heitir Hamilton og er ekki langt frá Torontó og ólst þar upp fyrstu árin. Pabbi var ófaglærður verkamaður og sósíalisti, og hann vann á bílaverkstæði en móðir mín sá um heimilið. Ég átti tvær eldri systur sem voru fluttar að heiman og ég hafði lítið af þeim að segja á uppvaxtarárunum. Bestu minningarnar sem ég á frá þessum árum tengjast sveitabýli sem foreldrar mínur eignuð-

Ég átti þess kost að fara þangað í heimsókn fyrir nokkrum árum og berja augum þennan líka undurfagra skóg með fagurgrænum trjám sem risu hátt til himins

ust og byggðu upp sem sumardvalarstað. Þar voru leigð sumarhús og bátar til að fara út á vatn og veiða fisk. Ég sá um að mála húsin, slá grasið og dytta að bátunum. Móðir mín hafði mikinn áhuga á skógrækt og með aðstoð pabba voru gróðursett um 5000 tré á jörðinni.

Ég átti þess kost að fara þangað í heimsókn fyrir nokkrum árum og berja augum þennan líka undurfagra skóg, með fagurgrænum trjám sem risu hátt til himins. Við þessa sjón fann ég til mikillar gleði og þakklætis í garð foreldra minna fyrir að hafa unnið slíkt af-

rek. Í fyrra seldi ég hús sem ég átti í Torontó og keypti íbúð hér. Svo er ég kominn með búsetuleyfi, þannig að mér eru flestir vegir færir en hef ekki kosningarétt.

Þú gekkst menntavegin og hefur próf í fleiri en einni námsgrein úr háskóla?

Já, þegar ég hóf nám í háskóla lagði ég stund á umhverfisfræði og þýsku. En svo ákvað ég að hætta námi og gekk í trúarsöfnuð. Þar var ég næstu tvö árin en fór svo aftur í háskóla og lauk BAnámi í félagsfræði. Síðan vann ég með fötludum börnum og unglingum í nokkur ár. Þá fékk ég áhuga á guðfræði og ákvað að fara aftur í háskólann í Torontó og útskrifaðist þaðan með meistaraþróf í guðfræði. Ég vígðist sem djákni í biskupakirkju í borg sem heitir Thunder Bay og er í Norður Ontario. Sumir íbúarnir voru afkomendur finnskra skógarhöggsmanna sem fluttust þangað upp úr 1860 og má víða sjá þess merki í verslunum og veitingahúsum og fleiri stöðum í borginni. Þessu starfi gengdi ég í 3 ár, en þá gerðist ég djákni á sjúkrahúsi í eitt ár.

Ég flutti "heim" til Toronto 1992 og vann við félagsþjónustu. Sumrin 1994 og 1996 kom ég til Íslands en þegar ég missti vinnuna 1997 ákvað ég að koma aftur til landsins og gera meira en að ferðast. Ég innritaði mig á sumarnámsskeið fyrir byrjendur í íslensku í HÍ, og kom svo aftur sumarið 1998 ákveðinn í að halda áfram að læra málið. Þar sem þá var orðið of seint að innrita mig í HÍ ákvað ég að flytja til Winnipeg og læra íslensku við Manitobaháskóla. Það var gott að búa þar, hitta fólk af íslenskum ættum og læra málið. Síðan var ég svo heppinn að fá styrk frá íslenskum stjórnvöldum til að koma hingað og læra íslensku við HÍ 1999 og 2000.

Gefandi starf á Grund

Ég hafði ennþá áhuga á að komast í íslenskunám við Háskóla Íslands og sótti, þess vegna um námsstyrk sem íslenska ríkið veitir og var svo heppinn að vera í hópi 25 erlendra stúdenta sem hlaut styrk árið 2000. Námið gekk mjög vel en mig langaði til að gera eitthvað fleira og fékk vinnu við umönnun á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund. Gamla fólkið sem ég er að hugsa um er misjafnlega mikið veikt og starfið er oft erfitt, en á móti kemur að það er mjög gefandi flesta daga. Í vetur verð ég í 80% starfi á Grund og stefni að því að ljúka íslenskunáminu næsta vor.



Christopher með tveimur gestum sínum, þeim Teresu og Carmelu frá Ítalíu

Servas International

Áhugaverður félagsskapur fyrir ferðalanga

Christopher Morden er mikill áhugamaður um ferðalög. Hann hefur lengi verið gestgjafi ferðamanna frá öðrum löndum og er félagsmaður í samtökum sem heita Servas International. Okkur langar að forvitnast um þessi samtök.

Ég hef ferðast talsvert um dagana og haft mjög gaman af því. Ég fór t.d. til Nýja Sjálands ári fyrir fyrstu Íslandsferðina og heillaðist mjög af landi og þjóð. Um tíma hugleiddi ég jafnvel, að setjast þar að og kenna japönnum ensku, en ekkert varð af því sem betur fer. Þá hef ég ferðast nokkuð um Evrópu og skoðað marga áhugaverða staði. Svo nota ég hvert tækifæri til að ferðast um Ísland og fara í gönguferðir.

Í Kanada komst ég í kynni við samtök sem heita Servas International og gerðist félagi í þeim. Fyrir utan pólitísk málefni, eins og náttúruvernd og heimsfrið hafa þau á stefnuskrá sinni að aðstoða þá sem vilja ferðast til annara landa. Félagar geta, annaðhvort verið ferðamenn eða gestgjafar eða hvorttveggja. Þeir fá ókeypis gistingu á heimilum á þeim stöðum sem ferðast er um og er gert ráð fyrir að gistitímin sé lengst tvær nætur. Einnig er hægt að hitta gestgjafa í einn dag og njóta gestrisni og þekkingar ásamt því að fræðast um staðhætti af heimamanni.

Oft er skipst á skoðunum, fordómalaust um málefni, sem varðar náttúruvernd og ástandið í heiminum, en að-

eins ef áhugi er fyrir því hjá þeim sem eru viðstaddir. Mörg ferðalög mín erlendis á undanförunum árum tengjast

þessum félagsskap og ég hefði ekki vilj- að missa af samverunni með öllu því skemmtilega fólki sem ég hef gist hjá um dagana. Það sama á við um alla, sem gistu hjá mér í Torontó og eftir að ég flutti hingað.

Servas Íceland hefur starfað hér á landi í nokkurn tíma og eru sex gestgjafar þátttakendur í samtökunum. Þeir eru búsettir í Reykjavík, Ísafirði, Hvammstanga og Vopnafirði. Af einhverjum ástæðum hefur okkur ekki gengið nógu vel að fá fólk í samtökin. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk. En núna stendur til að gera átak í þeim málum og hefja kynningu á starfsemi Servas. Til gamans má geta þess að í Danmörku, sem er eitt af 163 löndum þar sem Servas International starfar, eru 300 virkir gestgjafar sem taka á móti ferðamönnum. Það hlýtur að vera áhugaverður kostur eftir að lággjaldaflugfélög tóku til starfa í mörgum löndum, að eiga þess kost að fá ókeypis gistingu hjá skemmtilegu og víðsýnu fólki og aðstoð við að skipuleggja ferðalög, sagði Christopher að lokum.



Ingi Ingason stjórnar flutningi Bókasafns Dagsbrúnar, en safnið hefur oft verið flutt milli staða á síðustu árum

Reykjavíkúráðakademían og Efling-stéttarfélag

Samningur um **Bókasafn Dagsbrúnar**

Efling-stéttarfélag og Reykjavíkúráðakademían hafa gert samning um að Reykjavíkúráðakademían taki að sér umsjón með Bókasafni Dagsbrúnar, en safnið verður áfram í eigu Eflingar.

Bókasafnið verður opnað opinberlega 27. nóvember nk. í húsakynnum akademíunnar að Hringbraut 121. Markmiðið með samningnum er að opna safnið að nýju fyrir almenningi og fræðimönnum, en það hefur ekki verið aðgengilegt síðustu ár að Sætúni 1. Gert

er ráð fyrir því að í tengslum við safnið verði ráðstefnur um málefni verkalyðshreyfingarinnar þegar hópur fræðimanna hjá akademíunni getur nýtt sér safnið og kynnt um leið málefni og sögu verkalyðshreyfingarinnar.

Safnið er sérsafn, vísinda og rannsóknarsafn um söguleg fræði verkalyðshreyfingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að bækur verði til útláns en safnið er les-safn og verður opnuð ný lesstofa að Hringbraut 121 þar sem fræðimenn og

almenningur geta nálgast bækur þess.

Í stjórn Bókasafns Dagsbrúnar verða fimm menn, þar af Guðmundur Þ Jónsson frá Eflingu-stéttarfélagi.

Safninu fylgir rekstrarstyrkur frá félaginu næstu fimm ár, fjögur hundruð þúsund krónur á ári.

Stuðningsaðilar Bókasafns Dagsbrúnar eru auk Eflingar, Reykjavíkurborg, Hafnarstjórn Reykjavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Borgarbókasafn og Olís.



Að veita sem liprasta þjónustu

Menntun í þágu íbúa borgarinnar

- Umhverfis og tækni svið skoðar þarfir í starfsmenntun

Mikilvægt að veita sem besta og liprasta þjónustu, segir Sigríður Ólafsdóttir

Nú er langt komið að greina þarfir í starfsmenntamálum fyrir Eflingarfélagið sem starfa hjá Umhverfis- og heilbrigðisstofu annarsvegar og Gatnamálastofu hinsvegar, en báðar þessar stofur falla undir Umhverfis- og tækni svið Reykjavíkurborgar.

Parfaggreiningin er gerð að ósk námskeiðsnefndar sem starfar samkvæmt bókun við síðasta kjarasamning Eflingar og Reykjavíkurborgar. Í kjarasamningnum voru settar á fimm námskeiðsnefndir fyrir hin mismunandi svið Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt þeim tillögum sem verið er að útfæra verður tekið á námsþáttum á borð við samskipti, þjónustu og vinnuvernd en einnig farið út í sérhæfðara efni s.s. varðandi gatnagerð, garðyrkju og hreinsunarmál.

Það var almennt viðhorf í námskeiðsnefndinni að verkefni þeirra borgarstarfsmanna sem undir sviðið falla snúist í vaxandi mæli um almenna þjónustu og samskipti við borgarbúa. Við þurfum og eigum að leggja okkur fram um að veita sem besta og liprasta þjónustu, hvort sem við erum að losa sorp við heimahús, klippa tré í almenningsgörðum eða lagfæra götur og stíga borgarinnar, segir Sigríður Ólafsdóttir, yfirmaður Hreinsunardeildar borgarinnar sem á sæti í námskeiðsnefndinni.

Til félagsmanna Eflingar stéttarfélags

10% afsláttur af öllum vörum
15-100% afsláttur
af lyfseðlum (sjúklingahluta).



SKIPHOLTS
APÓTEK

Skipholti 50b, 105 Reykjavík
Sími 551 7234, fax 551 6959

Félagsmenn Eflingar í Stokkhólmi

Víkkuðu sjóndeildarhringinn á Sahlgrenska



Ferðin var mjög lærdómsrík og við erum afskaplega þakklát þeim sem gáfu okkur kost á að víkka sjóndeildarhringinn, sagði Þórunn Rögnvaldsdóttir sem fór með félögum sínum úr eldhúsi og matsal Landspítalans og Elínu Einarsdóttur, fræðslufulltrúa til Sahlgrenska sjúkrahúsins í Gautaborg en ferðin var styrkt af Leonardó starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins.

Pann 6. september síðastliðinn lögðu þrír starfsmenn í eldhúsi og matsal Landspítala Háskólasjúkrahúss ásamt Elínu Einarsdóttur, fræðslufulltrúa, af stað til Gautaborgar. Tílefnið var að þær fengu styrk hjá Leonardo verkefninu til að fara í svokallað mannaskiptaverkefni og varð Sahlgrenska sjúkrahúsið þar í borg fyrir valinu, segir Þórunn Rögnvaldsdóttir, sem tók þátt í ferðinni ásamt Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, Napoleon Gelito og Elínu. Eftir að hafa komið sér fyrir á Hótel Liseberg fóru þær í gönguferð um borgina og á sunnudeginum áttu þær náðugan dag þar sem ekki var skipulögð dagskrá í gangi. Við notuðum tækifærið og fórum á hand-

verksmarkað og enduðum svo í Nordstan, Kringlunni í Gautaborg, segir Þórunn.

Daginn eftir tók alvaran við. Að loknum morgunverði skiptum við liði og heimsóttum tvo vinnustaði. Elín og Napoleon fóru á Möndals sjúkrahúsið en við Guðrún fórum á Östra sjúkrahúsið. Ferðin tók 20 mínútur í spor-

Stórkostlegast af því sem ég sá í eldhúsinu voru tölvustýrðir matarvagnar

vagn. Anna Marteinsdóttir, deildarstjóri tók á móti okkur og eftir að hafa klæðst vinnufatnaði starfsmanna skoðuðum við frystiklefa og pantanaherbergið. Næst skoðuðum við eldhúsið. Það var frekar gamaldags, en matsalurinn sem var kallaður Snekkjan var glæsilegur. Þar var hægt að velja um tvær heitar máltíðir, pizzu, salatbar og fleira. Okkur kom á óvart hve margir starfsmenn reyktu fyrir utan matsalinn og voru

húfu og hanskalausir og berfættir í skónum í vinnunni. Svoleiðis umgengni yrði ekki liðin á okkar vinnustað.

Hádegisskömmtnunin hófst klukkan 11.15 og að því loknu vorum við látnar gera fiskibuff. Þá tók kvöldskömmtnunin við og vinnudeginum lauk svo klukkan fimm. Það sem mér fannst stórkostlegast af því sem ég sá í eldhúsinu voru tölvustýrðir matarvagnar. Þeir gátu fluttu 24-26 bakka hver. Ég prófaði að stjórna einum vagni út úr eldhúsinu og fannst mér takast það nokkuð vel, enda ekki um flókna aðgerð að ræða. Ég ýtti bara á einn takka og þá fór vagninn af stað.

Að morgni þriðjudagsins tókum við sporvagninn eins og venjulega en hann bilaði og enduðum við í strætó síðasta spölinn og mættum of seint í vinnuna. Okkur var falið að steikja fiskibollurnar sem við höfðum útbúið daginn áður og tók það okkur tvær klukkustundir. Þegar upp var staðið höfðum við steikt 600 stykki á tveim pönnum og vorum bara nokkuð ánægðar með okkur. Á heimleiðinni gaf ung stúlka sig á tal við okkur og spurði, hvort við værum frá Ís-

landi. Við svöruðum því játandi. Þá kom í ljós að hún hafði unnið við hestamennsku á Reykhólum í Borgarfirði og talaði mjög góða íslensku.

Um kvöldið buðu gestgjafar okkar öllum hópnum í mat á veitingastað í gamla borgarhlutanum og skemmtu allir sér mjög vel. Miðvikudagurinn var með svipuðu sniði, nema að þá fór allur hópurinn saman að skoða aðalbyggingu sjúkrahússins og um kvöldið fórum við í siglingu um síki í borginni.

Fimmtudagurinn 11. september mun seint líða okkur úr minni. Anna Lindh utanríkisráðherra var myrt og fólk varð felmtri slegið yfir þessum hræðilega atburði. En dagskráin hélt áfram og síðustu tvo dagana gengum við til verka eins og aðrir starfsmenn sjúkrahússins með sorg í hjarta.

Ferðin var mjög lærdómsrík og við erum afskaplega þakklát þeim sem gáfu okkur kost á að víkka sjóndeilarhringinn, sagði Þórunn að lokum.

Peir sem áhuga hafa á Leonardo verkefninu er bent á að hafa samband við Garðar Vilhjálmsson á Eflingu í síma 510 7500.



Frá kynningarfundum sem Svíþjóðarfarar héldu fyrir samstarfsmenn í eldhúsi LSH til að kynna nýjungar sem þau kynntust á Sahlgrenska sjúkrahúsinu

Stutt starfsnám - ný tækifæri!

Einstaklingar og fyrirtæki!

Iðntæknistofnun býður markvisst starfsnám á mörgum sviðum:

Rannsóknarnám: 150 stunda bóklegt og verklegt nám, ætlað starfandi og verðandi rannsóknarmönnum.

Umsjónarmenn fasteigna: 100 stunda nám og æfingar, ætlað starfandi og verðandi umsjónarmönnum fasteigna og húsvörðum.

Þjónustustjóri: 100 stunda nám, verkefnavinna og æfingar, ætlað starfandi og verðandi þjónustustjórum.

Umhverfisfulltrúi: 100 stunda nám, æfingar og verkefnavinna, fyrir starfsmenn sem ætlað er að hafa umsjón með umhverfismálum í smærri fyrirtækjum eða einingum fyrirtækja.

Stjórnun og rekstur mótuneyta: 100 stunda nám, sýnikennsla og verkefnavinna, ætlað starfandi og verðandi stjórnendum í eldhúsum og mótuneytum.

Ræstingastjóri: 70 stunda nám, verkefni og æfingar, ætlað starfandi og verðandi ræstingastjórum.

Lagerstjórnun: 130 stunda fræðilegt nám með dæmum og hagnýtum verkefnum, ætlað starfsmönnum fyrirtækja sem vinna að nýsköpun og þróun vöru og þjónustu.

Vinnuvélstjóri: 80 stunda bóklegt réttindanám, til undirbúnings verklegri þjálfun á vinnuvélum.

Verkstjórnarfræðslan: 100 stunda nám, með verkefnum og æfingum fyrir starfandi og verðandi verkstjóra.

Verkstjórn unglunga: 30 stunda nám með æfingum og dæmum, ætlað ungum verkstjórum í sumarskólum.

Rekstur gistiheimilis: 60 stunda nám með æfingum og verkefnum, ætlað starfandi og verðandi rekstraræðlum.

**NÁM
SKEIÐ**

Nánari upplýsingar í sínum 570 7100, 570 7289 og á vefsíðu okkar www.iti.is

Iðntæknistofnun

Léttu lundina og

Prófaðu þetta!



Matreiðsla að hætti Ásu og Gumma

Senn líður að jólum og gott að huga að gómsætum mat þegar hátíð er í nánd. Þessir hátíðaréttir ráku á fjörur Eflingarblaðsins á dögnum og við látum þær flakka hér með:

Salat með þúrtvínsmarineruðum lunda

Bringur af 6 lundum
2 dl þúrtvín
2 tsk ferskt timían
2 tsk einiber
safí úr einni sítrónu
2 tsk hlýnsíróp
1 tsk svartur pipar úr kvörn
salt eftir smekk

Lundabringurnar eru snyrtar vel og þerraðar. Marineriingin er búin til, einiberin mulin í morteli, sítrónan pressuð og timíanið skorið aðeins niður. Kryddað. Bringurnar eru látnar standa í þessum legi yfir nótt eða í að minnsta kosti 12 tíma. Þá eru þær teknar upp úr leginum og steiktar í smjöri og góðri mat-

arolíu í 2–3 mínútur á hvorri hlið. Kælt aðeins áður en steiktar bringurnar eru skornar niður í nettar sneiðar. Þetta má gjarnan gera að morgni dags, geyma í ísskáp og hafa tilbúið fyrir framreiðslu.

Í salatið er gjarnan notað fallegt blaðsalat s.s. klettasalatblanda ásamt rifnu iceberg og grænkáli úr eigin ræktun. Salatið er sett á fat, bringunum dreift óreglulega ofaná, skreytt með ferskum berjum s.s. norðlenskum aðalberjum, hindberjum, brómberjum og/eða jarðarberjum. Ef árstíminn býður upp á má skreyta með löngum graslauksstráum og svo auðvitað sósunni góðu sem er skvett yfir salatið rétt áður en það er borið fram.

Með þessu salati er borin fram hindberjasósa, sem hefur alveg *guðdómlegan lit* sem passar einstaklega vel með ljósrauðu sárinu í þúrtvínsmarineraða lundunum.

Hindberjasósa:

6 msk fersk hindber
2 msk hindberjaedik

8 msk ólífuolía
2 tsk hlýnsíróp
salt og pipar

Allt hráefnið er sett í matvinnsluvél og maukað vel saman. Ef erfitt er að útvega fersk hindber höfum við notað frosin hindber en þá gjarnan til helminga á móti ferskum jarðarberjum sem eru nú yfirleitt alltaf til, meira að segja norðan heiða.

Þá er hægt að gera sósuna úr aðalberjum :

Aðalberjasósa :

8 msk aðalber
3–4 jarðarber
2 msk balsamik-edik
8 msk góð olía
2 tsk hlýnsíróp
salt og pipar

Þetta salat er einstaklega skemmtilegt og mjög fallegt og þarf að vera nóg til af því þar sem það „selst“ mjög vel.

Heimsókn í Eir hjúkrunarheimili

Eir stækkar sem vinnustaður



Pórunn H. sveinbjörnsdóttir og Sigurlaug Gröndal frá Eflingu funda með starfsmönnum

Kosnir hafa verið trúnaðarmenn fyrir umönnunarhópa og fyrir eldhús, ræstingu og bítibúr hjá Hjúkrunarheimilinu Eir. Sólveig Guðmundsdóttir og Inga Kristín Gunnarsdóttir fyrir umönnun, Hajir Attigui fyrir eldhús ræst-

ingu og bítibúr og Kolbrún Úlfarsdóttir trúnaðarmaður fyrir starfsmenn Eir-arhúss. Á fundinum kom fram að fólk er farið að huga að komandi kjarasamningum og hvernig sú undirbúningsvinna ætti að fara fram.

Einnig kom fram að við stækkun Eir-ar munu skapast mörg ný störf en um n.k. áramót verður tilbúin viðbygging með 40 hjúkrunaríbúðum og dagvist fyrir aldraða.

DALVEGI 4, SÍMI 564 4700 • HAMRABORG 14, SÍMI 554 4200



Gagnlegt trúnaðarmannanámskeið

Mjög ánægð

- segir Sigurlaug Anna Auðunsdóttir

Nýlokið er trúnaðarmannanámskeiði hjá Eflingu fyrir nýja trúnaðarmenn. Sigurlaug Anna Auðunsdóttir sem sér um matseld í leikskólanum Blásölum í Árbæjarhverfi var einn þátttakenda á námskeiðinu. Hún sagði að daglega kæmu 96 börn og 25 starfsmenn í morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi á leikskólanum og þá væri oft mik-

ill hamangangur en sér líkaði mjög vel við starfið.

Ég tók við starfi trúnaðarmanns í maí síðastliðnum og ákvað að sækja þetta námskeið þegar ég frétti af því. Námskefnið er mjög fjölbreytt og kemur inná flesta þætti í samskiptum okkar við atvinnurekendur, stéttarfélagið og vinnufélagana. Kjaramál og umfjöllun um

réttindi og skyldur tók mikinn tíma og sama má segja um fræðslumálin.

Ég er mjög ánægð að hafa komist á þetta námskeið og tel mig vera betur undirbúna til að takast á við vandamálin ef til þess kemur, sagði Sigurlaug að lokum.

Jenný Jensdóttir á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ

Staðráðin í að auka þekkingu mína

Jenný Jensdóttir á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ starfar við umönnun sjúklinga með heilabilun og var kosin trúnaðarmaður af samstarfsmönnum sínum í vor. Hún var mjög ánægð með námskeiðið og sagði að margt af því sem þau hefðu verið að fjalla um ætti eftir að reynast sér vel í starfi trúnaðarmanns. Ég vissi ekki mikið um málefni eins og kjarasamninga, réttindi og skyldur trúnaðarmanna og starfsmanna og ýmislegt fleira sem snýr að félaginu og vinnuveitendum.

Það kom mér talsvert á óvart hvað við höfum mikinn rétt til að vinna að mál-

um sem við gætum þurft að takast á við. Ég er staðráðin í að fara á næsta nám-

skeið og auka þekkingu mína ennfrekar á þessu sviði, sagði Jenný að lokum.



Verðandi félagsliðar

Námskeið á Nesjavöllum

Um 50 manna hópur félagsmanna í Eflingu-stéttarfélagi sem eru nú að læra til félagsliða, brugðu sér á helgarnámskeið að Nesjavöllum til að undirbúa haustönn og til að læra saman.

Félagsþjónustan undirbjó helgina í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur og með stuðningi fræðslusjóðs. Félagsþjónustan sá um að fá leiðbeinendur á staðinn. Þessi helgi reyndist alveg frábær, markviss og uppbyggjandi.

Helstu verkefni voru valáfangar eins og fötlun og samfélag eða samfélagsþjónusta aldraðra. Hópurinn fór einnig í hópefli sem nýtist mjög vel í vinnu og námi.



Glatt á hjalla hjá verðandi félagsliðum



Félagsþjónustan
í Reykjavík

Öflugt félagsstarf!

Félagsmiðstöðvar Félagsþjónustunnar eru opnar öllum aldurshópum á 14 stöðum í borginn.

Þar er boðið uppá fjölbreytt félagsstarf og góðan félagsskap.

Félagsþjónustan í Reykjavík • www.felagsthjonustan.is

Fjármál heimilanna

- Á fjórða tug Eflingarfélaga lærir að gera meira úr hverri krónu

Nú í október bauð Efling félagsmönnum upp á námskeiðið Fjármál heimilanna sem Ingólfur Ingólfsson hefur sett saman. Á námskeiðinu leiðbeinir Ingólfur fólki að rata um frumskóga peningamála, vaxta og afborgana ásamt því sem námskeiðinu fylgir aðgangur að svokölluðu veltukerfi á netinu, en þar er um að ræða reikniforrit sem gerir hverj-

um þátttakanda auðveldara að öðlast yfirsýn yfir sín fjármál og sjá í hvað krónurnar fara. Á námskeiðinu er einnig farið í ýmsa þætti er snúa að bókhaldi heimila; í hvað fara tekjurnar, hver er munur á að borga 5% vexti eða 6% af lánum o.s.frv.

Ingólfur segir að oft opnast fólki nýr heimur þegar það sér hvernig t.d. er

hægt að versla inn á skynsamlegan hátt - að ekki sé talað um þegar fólk áttar sig á því hvað eitt eða tvö prósentustig í vexti geta þýtt há lán á löngum tíma. Ég hvet fólki til að leita sér tilboða í lán í banka-stofnunum; við verðum að taka frumkvæði í okkar málum - ef við gerum það ekki sjálf gerir enginn það fyrir okkur. Við verðum að læra að láta peninga þjóna okkur, ekki stjórna okkur, en það krefst auðvitað ákveðins sjálfsaga, og ég kenni fólki það, segir Ingólfur.

Efling mun halda áfram með þessi námskeið um fjármála heimilanna eftir áramót.

Loksins farin að ná endum saman

- segir Elísabet María Garðarsdóttir sem tók þátt í námskeiði um fjármál heimilanna hjá Eflingu.



Elísabet María Garðarsdóttir

Elísabet er leiðbeinandi á leikskóla og fór á námskeiðið vegna þess að henni fannst launin ekki duga fyrir nauðsynjum út mánuðinn. Ég var ekki alltof bjartsýn þegar ég mætti á námskeiðið en núna hafa hlutirnir breyst heldur betur og ég er farinn að ná endum saman. Í þessum umskiptum skiptir miklu máli að ég versla eingöngu eftir innkaupalista en gríp ekki vörur eftir einhverjum hugdettum. Það tók mig dálítinn tíma að læra að skrifa svona lista en þeim tíma er greinilega vel varið og ég er nánast allveg hætt að henda mat í ruslið.

Umfjöllunin um viðskipti við lána-stofnanir var líka mjög gagnleg og mér fannst sérstaklega áhugavert að heyra hvað vextir eru misjafnir í bönkum. Það borgar sig greinilega að skoða þau mál vel áður en stofnað er til viðskipta vegna lántöku eða sparnaðar. Það kom mér líka mikið á óvart að sjá hvað maður borgar í heildina mikið meira af hús-næðisláni sem er til 40 ára í stað 25 ára, þó ekki sé mikill munur á afborgunum. Sparnaður er hugtak, sem ég hef lítið hugsað um á undanförunum árum en núna hugsa ég ekki um annað og er staðráðin í að halda því áfram, sagði Elísabet að lokum



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar fylgist með réttindum ykkar!!!!**

Framhald af síðu 6

um ákveðið áhyggjuefni. Símenntun er að festa sig í sessi og félagsmenn eru almennt sammála um að fræðsla skili betri kjörum.

Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar í heild sinni á heimasíðu félagsins: www.efling.is

- Tæplega 90% karla í hlutastarfi er undir þrítugt. Konur dreifast hins vegar tiltölulega jafnt milli aldurshópa.
- 62% karla er í fullu starfi og 44% kvenna. Mun jafnari aldurskipting er milli kynjanna í fullu starfi. Um helmingur hjá báðum kynjum sem er milli tvítugs og þrítugs.
- Upphaflegt úrtak 1200
- Endanlegt úrtak 1104
- Neita að svara 251
- Næst ekki í 199
- Fjöldi svarenda 654
- Svarhlutfall 59,2%



Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið sunnudaginn 28. desember að Versölum, Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1 kl. 16:00. Húsið opnar kl.15:30.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar að Sætúni 1 frá 8. desember nk. Upplýsingar í síma 510-7500.

Jólasveinar koma í heimsókn
Hljómsveit sér um dans og söng
Boðið verður uppá veitingar
Nammipokar fyrir börnin

Miðaverð: Barn 400 krónur, Fullorðinn 600 krónur

Félagsmenn Eflingar í leikhús

Borgarleikhúsið býður samstarf



Nokkur þúsund félagsmenn Eflingar-stéttarfélags fengu tilboðskort í leikhús sent í október. Mjög margir hafa nú þegar nýtt sér þessi tilboð.

Mikilvægt er að drífa í að panta miða áður en að tíminn rennur út svo tilboðið komi að fullum notum. Margar spennandi leiksýningar eru í boði og

ættu allir að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Góða skenmmtnun.



Fjóra María og Gunnlaug veita námsráðgjöf

Námsráðgjöf á vinnustað á vegum Eflingar

Hvert stefnir þú í starfi?

- Hvað langar þig að læra?

Í vetur stendur félagsmönnum Eflingar í samstarfi við Starfsafl til boða að fara í námsráðgjöf þeim að kostnaðarlausu. Náms- og starfs-

ráðgjafar frá Mími-símenntun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins koma í fyrirtæki til þess að kynna námsmöguleika og vinna með ein-

staklingum í því að setja sér námstengd markmið. Það eru þær Fjóra María Lárusdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir sem munu veita ráðgjöfina en þær eru báðar menntaðar starfs- og námsráðgjafar. Eflingarblaðið tók þær tali um verkefnið

Til hvers náms- og starfsráðgjöf?

Ekki stendur á svörum frá þeim stöllum. Með því að tala við náms- og starfsráðgjafa geta félagsmenn Eflingar m.a. fengið upplýsingar um nám og störf, fengið aðstoð við að kanna áhugasvið þitt og hæfni en einnig rætt ýmis persónuleg mál- efni og fengið aðstoð við að setja þér markmið, segir Fjóra María.

Hverju breytir þetta fyrir félagsmenn Eflingar?

Samfélag okkar er í hraðri þróun og mikið framboð á allskonar námi, segir Gunnhildur. Í dag eru gerðar meiri kröfur um að starfsmenn búi yfir góðri og fjölbreyttri kunnáttu. Því skiptir máli að hver einstaklingur sé vakandi fyrir því hvar hann getur bætt við sig þekkingu. Þannig styrkir hann stöðu sína í starfi og á vinnumarkaði. Að ekki sé minnst á þá ánægju og sjálfsstyrkingu sem felst í því að fást við það sem maður hefur áhuga á.

Hefur þig dreymt um að fara í nám?

Ýmsar hindranir geta staðið í vegi fyrir því að fólk láti drauma sína rætast. Ef áhugi og vilji er fyrir hendi geta nýjar leiðir opnast og okkar hlutverk er að aðstoða fólk við að setja sér markmið og finna leiðir að þeim, segja Gunnlaug Hartmannsdóttir og Fjóra María Lárusdóttir náms- og starfsráðgjafar. Sumir koma til okkar því þeir vilja ná aukinni tölvu- færni/tungumálakunnáttu, læra á gítar eða jafnvel fara í lengra nám. Við getum aðstoðað þá við að skipuleggja nám sitt útfrá þeim að- stæðum sem þeir búa við og bent þeim á viðeigandi aðila og sjóði sem niðurgreiða nám. Síðan eru líka þeir sem hafa ekki gefið sér tíma til að kynnst eigin áhugasviði og vita ekki alveg hvert þeir eiga að stefna. Þeim stendur til boða að taka áhugasviðskönnun sem er síð- an túlkuð og rædd í einstaklingsvið-

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kl. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101

tali. Niðurstöðurnar gefa oft sterkega til kynna hverskonar viðfangsefni og vinnuumhverfi henta viðkomandi.

Hvar kemst ég í samband við náms- og starfsráðgjafa?

Ef þú hefur áhuga á því að tala við náms- og starfsráðgjafa getur þú haft samband við Eflingu - stéttarfélag og óskað eftir heimsókn ráðgjafa á þinn vinnustað. Æskilegt er að beiðnin sé lögð fram í samráði við atvinnurekanda. Einnig getur þú haft samband beint við ráðgjafa.

Frekari upplýsingar um starfs- og námsráðgjöfina má fá hjá eftirtöldum:

Efling - stéttarfélag,

Garðar Vilhjálmsson, s: 510-7500

Starfsafl, fræðslusjóður,

Marianna Traustadóttir s. 510-7543

Vasabókin 2004 að koma út

Vasabókin 2004 er að koma út. Efling-stéttarfélag hefur frá upphafi sent félagsmönnum vasabók með helstu upplýsingum um félagið og öðrum gagnlegum fróðleik. Vasabókin í ár er nú að verða tilbúin til prentunar og kemur út bráðlega. Hún verður væntanlega send til félagsmanna í lok desember.



Gjafakort í leikhúsið - Óvænt og fjölbreytt!

Don Kíkóti Rauðu skórnir Chicago Maðurinn sem Píkusögur Lína Langsokkur
Skáldin og leikhúsið Kvetch Spurvagninn Girnd In transit Þrjár Mariur
Hættuleg kynni Íslenski dansflokkurinn
Ófugu megin uppi Þútila og Matti CommonNonsense Sumarævintýri

GILDIR ENDALAUST
BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Míðsalá: 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Hildigunnur Ólafsdóttir

Fjallaði um miðstýringu á vinnumarkaði

Hildigunnur Ólafsdóttir lauk fyrir skömmu BS prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Hún valdi sér efni sem tengist kjarabaráttu og stéttarfélögum. Ritgerð hennar bar heitið Miðstýring á íslenskum vinnumarkaði 1985-2000. Hildigunnur naut stuðnings hjá Eflingu-stéttarfélagi við gerð rit-

gerðarinnar, en leiðbeinandi hennar við smíðina var Ásgeir Jónsson, hagfræðingur sem lesendur Fréttablaðsins og félagsmenn Eflingar þekkja vel til. Myndin er tekin þegar Guðmundur Þ Jónsson óskaði Hildigunni til hamingju með prófið og þakkað henni samstarfið við félagið.

Framhald af blaðsíðu 14

Atvinnurekandi dæmdur...

- Orlof ofan á laun 10,17%. Starfsmaðurinn hafði aðeins fengið greiddar 900 kr/klst fyrir unnar stundir. Hvergi var getið um orlofsgreiðslur á launaseðlum og starfsmaðurinn hafði aldrei fengið greidd laun í teknu orlofi. Starfsmaðurinn hafði kvartað við atvinnurekandann um að hann fengi ekkert orlof greitt, en atvinnurekandinn hafði ekkert aðhafst vegna þess.
- Desemberuppbót. Samkvæmt kjarasamningi eiga allir starfsmenn rétt til hennar í réttu hlutfalli við starfshlutfall.
- Orlofsuppbót með sömu rökum og desemberuppbót.

Kröfur atvinnurekandans:

Atvinnurekandinn hafnaði öllum kröfum starfsmannsins á þeim forsendum að samið hafi verið um svonefnt

jafnaðarkaup, þ.e. að starfsmaðurinn skyldi fá greiddar 900 kr. fyrir hvern unninn tíma og að í þeirri fjárhæð væri innifalið orlof og frídagar enda hafi um samið kaup verið langt umfram lágmarkskaup samkvæmt kjarasamningi Eflingar-stéttarfélags. Þá hélt atvinnu-

Atvinnurekandinn hafnaði öllum kröfum starfsmannsins á þeim forsendum að samið hafi verið um svonefnt jafnaðarkaup

rekandinn því fram að starfsmaðurinn hafi aldrei gert athugasemdir vegna vangreidds orlofs. Að auki hélt atvinnurekandinn því fram að starfsmaðurinn hafi fengið öll veikindalaun greidd sem hann átti rétt til samkvæmt kjarasamningi. Atvinnurekandinn gerði kröfu um að skaðabætur úr hendi starfsmannsins vegna brotthlaups úr starfi er næmu helmingi uppsagnarfrests.

Niðurstaða dómsins:

Niðurstaða dómsins var sú að vinnuveitanda beri að ganga svo frá málum gagnvart launþega að ljóst sé hver ráðningarkjör hans eru. Þetta gerði atvinnurekandinn ekki og þess vegna er hann talinn bera hallann af sönnunarskorti vegna efnis ráðningarsamnings starfsmannsins.

Dómurinn fellst ekki á að tímakaup sem er hærra en lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningi skerði rétt launþega til annarra greiðslna og réttinda sem kveðið er á um í kjarasamningi.

Í dóminum er tekið fram að í vitnaleiðslum hafi komið fram að starfsmaðurinn hefði rætt við vinnuveitanda sinn um orlofið þegar kom að sumarleyfi en vinnuveitandinn hafi þaggað það niður og sagst vilja ræða það síðar. Starfsmaðurinn fékk ekki greitt fyrir sumarleyfi. Þá segir í dóminum að starfsmaðurinn eigi rétt á kjarasamningsbundnum launahækkunum en ekkert liggi fyrir um að hann hafi með ráðningarsamningi afsalað sér þeim réttindum. Sama eigi við um greiðslu launa fyrir helgidaga. Vegna kröfu um greiðslu veikindalauna er tekið fram að fyrir liggi í málinu hversu marga veikindadaga starfsmaðurinn hefði fengið greidda á starfstímanum og með vísan til réttar starfsmannsins samkvæmt kjarasamningi sé krafa starfsmannsins réttmæt og er fallist á hana. Vegna ágreinings um það hvort starfsmaðurinn hafi hlaupist á brott úr vinnu eða hvort honum hafi verið sagt upp segir að fram hafi komið að starfsmaðurinn hafi ekki sagt upp störfum með formlegum hætti. Þá var ekki sýnt fram á að vinnuveitandinn hafi skorað á starfsmanninn að vinna í uppsagnarfresti en misskilningur á milli aðila hafi orðið sem leiddi til þess að starfsmaðurinn kom ekki til vinnu eftir að veikindum hans lauk og ekki fallist á að það hafi verið ætlun starfsmannsins að hlaupast á brott úr starfi sínu. Því er ekki fallist á bótaskyldu starfsmannsins gagnvart vinnuveitandanum. Vinnuveitandinn var því dæmdur til að greiða alla kröfu starfsmannsins.

Fróðleiksmolar

Uppsagnarfrestur

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

Starfslokanámskeið **Eflingar**



Það er kominn nokkuð löng hefð á Starfslokanámskeið Eflingar - stéttarfélags. Námskeiðin standa öllum Efl-

ingarfélögum sem eru farnir að huga að starfslokum til boða.

Á námskeiðinu er farið í ýmis mál

sem nauðsynlegt er að þekkja á þessum tímamótum, hvort sem þau snúa að fjármálum og þjónustu eða heilsufari og almennri vellíðan á efri árum. Aðalleiðbeinandi er Brynhildur Barðadóttir sem hefur langa reynslu af starfi með eldri borgum, m.a. hjá félagsþjónustu Kópavogs. Brynhildur bendir á að það geti verið hreinn frumskógur að átta sig á réttindum sínum á þessum tímamarki í lífi okkar - og lög og reglugerðir eru sífellt að breytast þannig að það er nauðsynlegt að fá alltaf sem nýjustar upplýsingar. Fólk er þannig oft að fara á mis við réttindi sín en einnig er nokkuð um að fólk telji sig eiga ákveðin réttindi sem síðan er á misskilningi byggt. Brynhildur hvetur Eflingarfélagi til að sækja sér þessa þekkingu beint til fagaðila t.d. á námskeiðum sem þessu hjá Eflingu.

Starfslokanámskeiðin verða aftur eftir áramót hjá Eflingu.

Viðtöl við tvo þátttakendur á Starfslokanámskeiði Eflingar



Brynjólfur Kristinsson

Ýmis þjónusta sem við þekkjum ekki

Brynjólfur Kristinsson, gæslumaður á Hlemmi var ánægður með námskeiðið. Ég fékk mjög góðar upplýsingar um réttindi mín, hvað varðar lífeyrisgreiðsl-

ur frá lífeyrissjóði og Tryggingastofnun, og það sama má segja um aðra þjónustu sem mér stendur til boða þegar ég hætti að vinna. Þá voru húsnæðismálin töluvert rædd en sennilega kemur það mér að litlu gagni, vegna þess að ég á íbúð sem hentar mér orðið ágætlega.

En það er annað mál, sem mér hefur verið hugleikið að undanförunu. Ég hafði aðgang að mötuneyti í Þjónustumiðstöð við Vitatorg í rúmt ár og greiddi 470 krónur fyrir máltíðina. En þá komst ég að því að hefði ég gefið upp að ég væri starfsmaður hjá Reykjavíkurborg hefði ég ekki átt að greiða nema 300 krónur.

Nú langar mig til að beina því til starfsmanna Eflingar, hvort að ekki væri hægt að semja við borgina um að starfsmenn haldi þessum réttindum, þegar þeir fara á eftirlaun. Það kæmi sér örugglega vel fyrir marga, sagði Brynjólfur að lokum.


Sé ekki eftir að fara á námskeiðið

María Jakobsdóttir, vann í mötuneyti VÍS í Ármúla en varð að hætta vegna veikinda. Hún sagði að það hefði verið



María Jakobsdóttir

mjög erfið ákvörðun, vegna þess að hún væri ekki alveg komin á aldur en ekki hefði verið um annað að ræða. Af þessum ástæðum fór ég á þetta námskeið og sé ekki eftir því. Fyrir utan margar góðar leiðbeiningar um réttindi mín þegar ég verð 67 ára, þá hef ég fengið mjög gagnlegar upplýsingar t.d. varðandi greiðslur í veikindum, sem vonandi eiga eftir að koma að góðu gagni, sagði María og brosti.



Lausnarorð:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12

Lausnarorð:

Nafn: _____ Vinnustaður: _____ Sími: _____

Heimili: _____ Kennitala: _____

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.
Svar þarf að berast fyrir 15. desember nk.



Hulda Hafsteinsdóttir hjá Eflingu afhendir Jökli Eyfells Sigurðssyni verðlaunin

Lausn síðustu krossgátu



TANNLÆKNIR

Beðist er velvirðingar á mistökum í síðustu krossgátu Eflingar. Vonandi komu þau ekki að sök.

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru- og hópbifreið og vörubifreið með eftirvagn.
Nú tíma kennsluaðstaða og frábærir kennarar.
hægt að hefja nám alla miðvikudaga,
áfangakerfi,

Ath. flest verkalýðsfélög styrkja félaga sína í námi til aukinna ökuréttinda!

Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika!
Hringdu núna og láttu bóka þig!



Sími 567-0300

Parabakka 3 109 Reykjavík
E-mail mjodd@bilprof.is





Guðrún Halldórsdóttir heiðruð, en myndin er tekin þegar Guðrún fékk starfsmenntaverðlaunin 2001

Norræn viðurkenning tengist Eflingu - stéttarfélagi

Guðrún Halldórsdóttir heiðruð

Á fundi samtaka um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum sem haldinn var við Dyrhólaey í Mýrdal var Guðrún Halldórsdóttir heiðruð fyrir störf sín að fullorðinsfræðslu og þróun náms innan Námsflokka Reykjavíkur á liðnum árum. Guðrún er löngu landsþekkt fyrir frumkvæði og dugnað í fullorðinsfræðslu og sérstaklega fyrir þátt sinn í að stuðla að og hvetja fólk með skamma skólagöngu að baki til náms í Námsflokkunum. Vitað er

að fyrsta námskeiðið hjá henni hefur leitt margt fólk til frekara náms og menntunar.

Einn liður í viðurkenningunni er þátttaka Guðrúnar í þróun starfsmenntanámskeiða Sóknar frá 1978 og síðan Eflingar-stéttarfélags þar sem starfsmenntanámskeið hafa þróast frá einu stuttu námskeiði upp í nokkur mismunandi námskeið eftir starfsgreinum.

Það er ánægjulegt fyrir Eflingu-stéttarfélag að sú starfsmenntun

sem félagið hefur lagt áherslu á er metin með þessum hætti af norrænum samtökum sem er mikið framfaraskref fyrir vinnumarkaðinn og félagsmenn okkar til eigin uppbyggingar.

Efling-stéttarfélag metur mikils samstarfið við Guðrúnu Halldórsdóttur og Námsflokkana og óskar henni til hamingju með viðurkenninguna.

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd að fullunnu verki

 **HÉÐINN**

Stóðleið 15 • IS-210 Garðabær
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



